

Börn vilja ræða

um einelti

við fullorðna



UMBOÐSMAÐUR BARNA

*Skýrsla um ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti
á Hótel Sögu, laugardaginn 17. október 1998*

Efnisyfirlit

Formáli	3
Dagskrá ráðstefnunnar „Börn vilja ræða um einelti við fullorðna“	4
Ávarp umboðsmanns barna Pórhildar Líndal	5
Einelti kemur öllum við Skýrsla ráðstefnunnar	7
Tekist á við einelti Jakob Frímann Þorsteinsson fræðslustjóri ÍTR	27
Ávarp menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar	31
Þátttaka unglinga á ráðstefnunni	34
Þátttaka fullorðinna á ráðstefnunni	34
Heimildir	36

Formáli

Hinn 17. október 1998 boðaði umboðsmaður barna til ráðstefnu á Hótel Sögu með yfirskriftinni „Börn vilja ræða um einelti við fullorðna“. Á ráðstefnunni settust 80 börn og 50 fullorðnir á rökstóla og ræddu þetta alvarlega vandamál í blönduðum umræðubópum kynslóðanna. Markmið ráðstefnunnar var að fá fram ábendingar og tillögur um hvaða leiðir væru færar til að vinna gegn einelti. Þar sem börn og unglingar eru í daglegri nálægð við vandamálið og þekkja það mörg hver á eigin skinni, ákvað umboðsmaður að fela þeim stjórn umræðunnar, og að þau skyldu jafnframt ákveða hvaða umræðuefni yrðu tekin fyrir. Þau unnu heimavinnuna sína vel og mættu undirbúin til leiks. Því varð ráðstefna þessi mjög gagnleg en í lok hennar lágu fyrir margar góðar tillögur og ábendingar um þetta málefni, sem umboðsmaður barna hefur látið vinna úr og birtir í þessari skýrslu.

Í skýrslunni er leitast við að setja tillögur og ábendingar umræðubópanna í umgjörð margvíslegrar vitneskju sem tiltæk er um eðli og orsakir eineltis. Með skýrslunni vill umboðsmaður barna ná fram tveim meginmarkmiðum: Að koma á framfæri því helsta sem vitað er um einelti, eðli þess, orsakir og afleiðingar, og að koma á framfæri ábendingum og tillögum barna og unglunga um raunbæfar og færar leiðir til þess að stemma stigu við einelti. Skýrslan er fyrst og fremst skrifuð með nemendum, foreldra, kennara og skólastjórnendum í huga, en hún á að sjálfsögðu erindi við hvern þann sem einhvern tímann hefur verið barn í skóla. Ein mikilvægasta niðurstaða ráðstefnunnar var að einelti kemur öllum við. Þannig á skýrsla sem þessi erindi við alla. Niðurstöður ráðstefnunnar sem fram koma í skýrslunni má að öðru leyti taka saman með fjórum lykilorðum:

Skilgreining: Nauðsynlegt er að skilgreina hugtakið einelti þannig að sameiginlegur skilningur ríki um inntak þess og merkingu. Ekki er endilega verið að tala um þjóðarsátt í þessum efnum, heldur þurfa nemendur, kennarar og skólastjórnendur, hver í sínum skóla, að vinna saman að mótun slíkrar skilgreiningar. Þegar vandamálið hefur verið skilgreint er hægt að vinna gegn því með skipulegum hætti.

Ábyrgð: Nauðsynlegt er að það sé á breinu hver ber ábyrgðina á því að tekið sé á einelti þegar það kemur upp meðal barna og unglunga. Eineltisvandann geta börn ekki leyst ein og óstudd, hann lagast ekki „af sjálfu sér“. Ekki verður lengur við það unað að binir fullorðnu í umbverfi barnanna blaupist undan því að taka á sig þessa ábyrgð.

Fræðsla: Í samfélaginu almennt ríkir vanþekking á einelti og þar af leiðandi er mikill skortur á kunnáttu til þess að takast á við það. Skeytingarleysi um vandann má rekja til vanþekkingar. Þessu þarf að breyta með því að stórauka fræðslu til barnanna sjálfra, foreldra þeirra, kennara, skólastjórnenda, alls starfsfólks skólanna og þess starfsfólks sem vinnur með börnum og unglingum á vettvangi frítímans.

Aðgerðir: Á hverjum tíma má reikna með því að 10% nemenda verði fyrir einelti. Það þýðir að í bekk með 20 nemendum eru að meðaltali 2 lagðir í einelti. Þess vegna verða allir skólar - án undantekninga - að gera ráð fyrir því að einelti komi upp meðal nemenda. Skólarnir verða að búa til áætlun gegn einelti sem hægt er að fara eftir þegar slík tilvik koma upp. Áætlun gegn einelti þarf að semja og móta í náinni samvinnu við nemendur - þeir eru sjálfir lykillinn að lausn vandans.

Dagskrá

Börn vilja ræða um einelti

...við fullorðna

*Ráðstefna umboðsmanns barna um einelti,
haldin 17. október 1998 kl. 13.00 - 16.30
í Súlnasal Hótel Sögu í Reykjavík.
Ráðstefnustjóri: Vanda Sigurgeirsdóttir, íþróttapjálfi.*

13.00 - 13.15:

Skemmtiatriði

Atriði úr leikritinu Ávaxtakarfan

13.15 - 14.00:

Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, setur ráðstefnuna

Ungt fólk greinir frá reynslu sinni

**Ráðstefnustjóri, Vanda Sigurgeirsdóttir,
kynnir dagskrá og fyrirkomulag ráðstefnunnar**

14.00 - 15.00:

Umræðuhópar og síðdegishressing

15.00 - 16.00:

Niðurstöður og tillögur umræðuhópa kynntar

16.00 - 16.15:

**Fræðslustjóri ÍTR, Jakob Frímann Þorsteinsson,
kynnir námsefni um einelti**

16.15 - 16.30:

Ráðstefnulok

Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason.

Ávarp umboðsmanns barna

á ráðstefnu um einelti, 17. október 1998

Verið öll innilega velkomin til þessarar ráðstefnu. Börn vilja ræða um einelti við fullorðna.

Áður en lengra er haldið vil ég að við, sem hér erum stödd minnumst góðrar konu sem nú er látin; manneskju sem sýndi í verki að hún bar hag unga fólksins, fyrir brjósti og sýndi jafnframt þessu embætti sem ég gegni, mikla velvild - Ég vil biðja ykkur um að rísa úr sætum og minnst Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur forsetafrúar Íslands.

Fljótlega eftir að ég tók við starfi umboðsmanns barna í upphafi árs 1995 varð ég þess áskynja að eitt helsta áhyggjuefni barna og unglinga, sem ég hitti m.a. í skólum úti á landsbyggðinni, var einelti.

Í fyrstu skýrslu minni til forsætisráðherra um störf mín, sem umboðsmaður barna, vakti ég þegar athygli á þessu alvarlega samskiptavandamáli meðal barna. Í skýrslunni sagði m.a.: „Algengt er að börn hafi vakið athygli mína á því að þau séu lögð í einelti af öðrum nemendum og jafnvel einstökum starfsmönnum skóla. Þetta geta verið alvarlegar ásakanir sem taka ber með varúð, en ég tel þó augljóst að hér er á ferðinni víðtækt vandamál - sem reyndar hefur verið til staðar lengi og því finnst mér vera kominn tími að ræða það opinskátt og taka á því af festu.“ Þetta sagði í skýrslunni frá 1995.

Í könnun, sem embætti mitt gerði á starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995-1996 var m.a. spurt um, hvaða bagsmunamál þau teldu brýnt að ég, sem umboðsmaður þeirra, legði áherslu á í störfum mínum. Skilaboðin voru óvefengjanleg. Það var eineltið.

Í kjölfar þessa átti ég fundi með fjölmörgum fulltrúum stofnana og samtaka, sem sinna málafnum barna og unglinga, á ýmsum sviðum, Tilgangurinn var sá að fá fram, sem flest sjónarhorn á þetta alvarlega vandamál, og afla

jafnframt upplýsinga um hvernig á þessum málum væri tekið, svo sem innan grunnskólans, á vegum íþróttabreyfingarinnar og í félagsmiðstöðvum.



Niðurstöður þessara funda er hægt að draga saman í stuttu máli: Taka þarf upp markvissari aðgerðir til að stemma stigu við einelti, ekki síst innan skólans. Í þessu sambandi má t.d. benda á mikilvægi þess að hugtakið einelti sé skilgreint þannig að öllum, nemendum og starfsmönnum skóla, sé ljóst hvaða háttsemi telst vera einelti. Fyrir fáeinum vikum gerði ég óformlega könnun meðal örfárra grunnskóla og spurdist fyrir um hvort blutaðeigandi skóli hefði skilgreint einelti sérstaklega. Af þeim svörum, sem borist hafa, er ljóst að þetta hefur yfirleitt ekki verið gert og því er hér verk að vinna. Ég tel ástæðu til að skora bæði á skólanefndir sveitarfélaga og skólastjóra að taka nú höndum saman og finna þessum málum greiðan og farsælan farveg innan hvers skóla - að höfðu samráði við foreldraráð og fulltrúa nemenda. Þörfin er brýn.

Börn og unglingar eiga rétt á að vera í öruggu umhverfi, ekki hvað síst innan grunnskólans, en eins og kunnugt er, ber börnum og unglingum að sækja skóla frá 6 til 16 ára aldurs. Réttur þeirra til öryggis og verndar er því enn meiri þar en á öðrum athafnasviðum þeirra. Ég tel því nauðsynlegt að löggjafinn viðurkenni skólann sem vinnustað nemenda en ekki eingöngu vinnustað fyrir starfsfólk skólans.

Árið 1992 var gerð rannsókn meðal reykvískra grunnskólabarna á umfangi eineltis. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru þær að tæp 10% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sögðust verða fyrir einelti vikulega eða oftár. Ekki síst með hliðsjón af þessu hef ég talið afar mikilvægt, og eindregið hvatt til þess, að gerð verði, á landsvísu, rannsókn á einelti meðal grunnskólabarna. Það er því mikið fagnaðar-efni að menntamálaráðherra hefur nú gert samning við RUM um slíka rannsókn, og er undirbúningur hennar þegar hafinn. Ráðherra mun hér síðar í dag gera frekari grein fyrir rannsókninni.

Það fer ekki á milli mála að ótti og ábyggjur af einelti, og hvers kyns ofbeldi, hvílir þungt á börnum og unglíngum hér á landi. Við svo búið má ekki standa - baráttan gegn einelti er hafin!

Samkvæmt 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, í daglegu tali nefndur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (BSSP), segir að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljós skoðanir sínar, í öllum málum er þau varða, og að taka beri tillit til skoðana þeirra með hliðsjón af aldri þeirra og þroska.

Börn og unglíngar hafa sínar eigin hugmyndir um raunveruleikann, sem er að mörgu leyti ólíkur heimi okkar, hinna fullorðnu. Það sem unglíngurinn sér, beyrir, upplifir og þekkir, er raunveruleiki hans.

Sjónarmið unglíngsins mótast af þessum raunveruleika.

Við hin eldri berum ábyrgð á lífsskilyrðum barna og unglínga, en til að axla þá ábyrgð verðum við að afla okkur þekkingar um barnið og unglínginn - frá þeim sjálfum. Venjan er sú að leita til sérfræðinga áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir. Börn og unglíngar eru sérfræðingar á sínu sviði. Okkur ber að hlusta á skoðanir barna og unglínga. Það að hlusta eftir skoðunum barna og unglínga gerir nýjar kröfur til samfélagsins, og okkar hinna fullorðnu.

Sú krafa er gerð að fullorðnir setji sig betur inn í hugarheim barna og unglínga. Af augljósum ástæðum er samvinna milli ungu og eldri kynslóðarinnar afar mikilvæg. Einmitt þess vegna erum við saman komin hér í dag.

Til ráðstefnu þessarar hefur verið boðið um 80 börnum og unglíngum og um 50 fulltrúum hinna ýmsu stofnana og samtaka sem vinna á einn eða annan hátt að málafnum barna.

Markmiðið með að halda ráðstefnu sem þessa er að veita börnum og unglíngum tækifæri til að ræða augliti til auglitis við fullorðna á breiðum grundvelli um einelti, s.s. hvað felst í orðinu einelti, hvað getum við gert til að koma í veg fyrir það, og hvernig á að taka á einelti sem er í gangi.

Of mörg börn líða daglega þjáningar vegna þess að þau eru lögð í einelti og margir fullorðnir bera ör á sálu sinni vegna þess að þeir voru fórnarlömb eineltis í æsku.

Hér á eftir munu tvær ungar stúlkur segja frá biturri lífsreynslu sinni - þetta er þeim að sjálfsögðu erfitt en þær hafa hins vegar ákveðið að stíga hér fram - og gefa okkur innsýn inn í reynslubeim sinn.

Ég vil biðja það fjölmiðlafólk sem hér er statt um að sýna þessum ungu stúlkum tillitssemi og slökkva á tækjum sínum á meðan þær segja frá.

Með þessum orðum segi ég ráðstefnuna „Börn vilja ræða um einelti við fullorðna“ setta, og fel Vöndu Sigurgeirsdóttur stjórnina.

Einelti kemur öllum við

Niðurstöður ráðstefnunnar

Hvað er einelti?

Hvernig er unnt að segja um tiltekið atvik að þar sé einelti á ferðinni? Til þess að hægt sé að svara þessari spurningu þarf að vera til skýr og greinargóð skilgreining á fyrirbærinu. Dan Olweus, sálfræðiprófessor við Háskólann í Bergen skilgreinir einelti á eftirfarandi hátt: „Það er einelti þegar einstaklingur verður margendurtekið, og á afmörkuðu tímabili, fyrir aðkasti frá einum eða fleiri aðilum“. Í bók Guðjóns Ólafssonar, *Einelti, má lesa þessa skilgreiningu á bls. 11*: „Um einelti er að ræða þegar einhver er tekinn fyrir og píndur, andlega eða líkamlega, aftur og aftur í lengri tíma af einum eða fleiri“. Á ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti, sem haldin var 17. október 1998, var þessi skilgreining notuð:

„Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi - einn eða fleiri niðast á eða ráðast aftur og aftur á einhvern einstakling“.

Einelti er velþekkt fyrirbæri meðal fullorðinna, t.d. á vinnustöðum. Í þessari skýrslu verður hins vegar eingöngu fjallað um það einelti sem á sér stað meðal barna og unglinga. Einelti er ekki einstakur atburður sem á sér hvorki forsögu né framhald. Ákveðin skilyrði verða að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tala um einelti. Einelti er einmitt samfelld ferli atvika, sem nær stundum yfir mörg ár. Gerandinn eða gerendur sameinast um að gera fórnarlambi sínu, þolandanum, lífið nánast óbærilegt. Eineltið getur tekið á sig margvíslegar myndir:

Andlegt einelti felst t.d. í því að....

- skilja einhvern útundan, eða setja einhvern „út í kuldann“ - s.s. að neita um aðgang að samfélagi jafningja.
- tala illa um einhvern, ógna eða hæða með orðum, niðrandi og særandi athugasemdir um viðkomandi, (svipbrigði, andvörp, grettur, bendingar...)
- skemma eða eyðileggja fyrir einhverjum reglubundið, s.s. húfur, trefla, úlpur o.fl.

Líkamlegt einelti felst t.d. í því að...

- hrinda, sparka, slá eða klípa einhvern,
- halda einhverjum föstum eða loka einhvern inni gegn vilja hans.

Segja má að það sem einkenni einelti sé einkum tvennt:

Hér er um margendurtekið atferli eða háttsemi að ræða, sem varir í langan tíma, stundum marga mánuði og jafnvel ár. Fyrir suma er endurminningin um grunnskólagönguna eitt samfelld eineltistímabil. Einn einstakur atburður telst ekki einelti.

Ójafnvægi í styrkleikasambandi milli þess sem verður fyrir eineltinu og hinna sem beita því. Sá sem verður fyrir barðinu á eineltinu getur ekki varið sig sjálfur og lætur það yfir sig ganga.

Algengt er að börn gantist í góðu, tuski hvert annað til og finni jafnvel upp á því að kalla hvert annað ýmsum nöfnum, án þess að nokkrum detti í hug að um einelti sé að ræða. Það sem gerir muninn er samband gerandans og fórnarlambinsins og tilgangurinn með samskiptunum. Ef annar aðilinn hefur yfirhöndina og tilgangur hans með samskiptunum er að valda líkamlegum eða andlegum sársauka hins, þá er um eineltistilvik að ræða.

„Ég var með hendina á hurðarhúninum og þá fór hún að sparka í mig og svo beit hún mig í hendina. Hún fór að lemja mig og berja. Það gerði engin neitt, samt stóðu sumar með mér, en þær þorðu ekki að gera neitt“.

(Úr frásögn fórnarlamb. Ráðstefna um einelti, 17. október 1998)

Ekki er vitað með öruggum hætti hversu algengt einelti er meðal íslenskra barna og unglinga almennt*. Rannsókn, sem sálfræðingarnir Brynjólfur G. Brynjólfsson og Svava Guðmundsdóttir gerðu í grunnskólum Reykjavíkur árið 1992 leiddi þó í ljós, að tæplega 10%

*Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála mun gera rannsókn á eðli og umfangi eineltis í grunnskólum á Íslandi á árunum 1998 og 1999. Rannsóknin er gerð fyrir menntamálaráðuneytið að tilblutan umboðsmanns barna. Niðurstöður verða birtar í lokaskýrslu um miðjan september 1999. Sjá nánar ávarp menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar á bls. 31-33.

nemenda sögðust verða fyrir einelti vikulega eða oft. Fyrirnefndur sálfræðiprófessor, Dan Olweus, hefur gert umfangsmiklar rannsóknir á einelti bæði í Noregi og Svíþjóð. Á grundvelli þeirra er niðurstaða hans m.a. þessi: Á hverjum tíma má reikna með því að 10% nemenda verði fyrir einelti. Það þýðir að í bekk með 20 nemendum eru að meðaltali 2 lagðir í einelti. Séu allir teknir með, bæði fyrrverandi og núverandi fórnarlömb eineltis, getur þessi tala að sjálfsgöðu orðið hærri.

Beita kynin mismunandi aðferðum við að leggja í einelti?

„Stelpur beita meira andlegu ofbeldi, pískra og skilja útundan, benda o.s.frv.“

„Strákar beita meira líkamlegu ofbeldi“.

- Hópur 2 á ráðstefnu um einelti -

Í hvernig myndum birtist einelti og hvað er hægt að gera til að þekkja það?

„Einelti birtist í uppnefni, ofbeldi, líkamlegum hótunum, að hunsa og skilja útundan“.

„Ef einstaklingi líður illa yfir endurtekningu á framkomu annarra, þá er það einelti. Fólk hefur misjafnt sársaukaþol, misjafnt skopsyn og tilfinningar“.

- Hópur 5 á ráðstefnu um einelti -

Einelti getur komið upp á öllum athafna- sviðum barna og unglinga, s.s. í félagsmiðstöðvum, íþróttafélögum og öðru tómstundastarfi. Rannsóknir á einelti sýna hins vegar að það er langsamlega algengast í skólum (Guðjón Ólafsson 1996, bls. 18).

Hverjir verða fyrir einelti?

Hvers vegna verða sum börn fórnarlömb eineltis og önnur ekki? Erlendar rannsóknir á einelti sýna að 60-70% allra nemenda koma aldrei nálægt einelti, hvorki sem fórnarlömb né gerendur (Psychology Today, september/október 1995). Dag hvern verða þessir nemendur hins vegar vitni að eineltisatvikum, og eiga þar með blut að málinu, stundum alveg án þess að gera sér grein fyrir því. Ærsl og galsafengnar stymningar

geta verið skemmtilegar en þá verða líka allir þátttakendur að vera sammála um að svo sé.

Fyrir kemur að börn verði fyrir áreiti og stríðni af hálfu hinna barnanna þegar þau byrja í skóla og/eða þegar þau skipta um skóla. Það er ekki óeðlilegt að börn kanni í samskiptum sín á milli hvar mörkin liggja, hversu langt er hægt að ganga (Att stoppa mobbning går, bls. 6). Oftast eru það fyrstu viðbrögð barnsins við stríðninni sem segja til um það hvort því verði strítt aftur. Sá sem á erfitt með að setja mörk fyrir því hversu langt má ganga í stríðninni er líklegri til þess að vera áreittur aftur. Ytri einkenni eins og holdarfar, klæðnaður og háralitur virðast hafa minni þýðingu í þessu sambandi (Guðjón Ólafsson 1996, bls. 22). Það er hins vegar algengt að svona atriði séu nefnd þegar leitað er orsaka að eineltinu.

„Þetta byrjaði þegar ég var í 4. bekk og það var bara vegna þess að ég var ný í bekknum og var aðeins öðruvísi en hinir. Ég er rauðhærð og með freknur og ég er ekki þessi dæmigerða ljóska“.

(Úr frásögn fórnarlamb.
Ráðstefna um einelti,
17. október 1998)

Persónueinkenni eins og feimni og blé-drægni eru talin mikilvægari vísbendingar en einhvers konar stöðluð útlitseinkenni. Börn sem eru fórnarlömb eineltis eru líklegri en önnur börn til þess að vera bæði viðkvæm og hörundssár (Guðjón Ólafsson 1996, bls. 20). En það eru ekki eingöngu bræddu og blédrægu börnin sem verða fyrir einelti, svo virðist sem hvaða barn sem er geti orðið fyrir þessu. Félagssleg staða innan bekkjarins og skólans skiptir líka máli. Börn sem hafa félagslega veika stöðu verða gjarnan fyrir einelti, og gerendurnir eru þau börn sem hafa sterka stöðu. Gera má ráð fyrir því að barn sem er nýtt í bekk eða skóla hafi veika stöðu í barnahópnum til að byrja með. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast sérstaklega vel með líðan þess og hvernig því gengur að falla inn í hópinn.

„Ég er mjög viðkvæm og það er auðvitað best að stríða krökkum sem eru viðkvæmir og fara að gráta; ég fór alltaf að gráta út af öllu“.

(Úr frásögn fórnarlamb. Ráðstefna um einelti, 17. október 1998)

Hver er ástæðan fyrir að einn einstaklingur leggur annan í einelti?

„Ef einhver sýnir á sér veika hlið þá er það notað gegn honum“.

„Gerandinn öfundar fórnarlambið, það ógnar honum á einhvern hátt. Það er eitthvað óþekkt í fari fórnarlambins sem ógnar hinum krökkunum“.

„Gerandinn hefur kannski verið lagður í einelti sjálfur“.

„Peir sem eru viðkvæmir verða fyrir einelti. Peir sem eru þroskaðir verða fyrir einelti.“

Peir sem hafa náði samband við foreldra sína verða fyrir einelti“.

- Hópur 10 á ráðstefnu um einelti -

„Óvirkir lenda í einelti af því að þeir eru viðkvæmir. Það er eitthvað við þessa einstaklinga sem krakkar grípa og nota til þess að stríða þeim“.

- Hópur 12 á ráðstefnu um einelti

Börn eru ólík - hvert barn er einstakt og það er réttur þeirra sem ber að virða.

Hverjir leggja aðra í einelti?

Börn, sem hafa þann ósið að leggja önnur börn í einelti, byrja oftast snemma á því, stundum strax í leikskóla. Þessi hegðun fylgir sumum einstaklingum á fullorðinsárunum einnig. Margir gerendur hafa sterka þörf fyrir að hafa betur í viðskiptum við önnur börn, vilja stjórna öðrum og þeir eru forsprakkar í barnahópnum. Gerendur eru í meðallagi vinsælir meðal hinna barnanna og yfirleitt á hátindi vinsælda sinna þegar þeir eru 14-15 ára. Eftir það fara vin-

sældir þeirra hins vegar dvínandi. Þeir hafa gjarnan jákvætt viðhorf til ofbeldis og eru árásargjarnir í framkomu, bæði við fullorðna og önnur börn. Gerendur hafa lítt þroskað með sér þann hæfileika að setja sig í spor annarra og að kenna til með öðrum. Þeir hafa enga sektarkennd yfir því að særa önnur börn eða gera þeim mein á einhvern hátt (Psychology Today, september/október 1995). Enda þótt sýnt hafi verið fram á að þessi persónueinkenni séu rík í fari gerenda, eru líka til dæmi þess að börn, sem hafa þau ekki, finni upp á því að leggja önnur börn í einelti.

Rannsóknir benda til þess að gerendur búi við minni hlýju, nálægð og öryggi í samvistum við sína nánustu en börn almennt. Þeir hafa ekki fengið eins ákveðin skilaboð og önnur börn frá nánasta umhverfi sínu um muninn á réttu og röngu. Einnig gefa rannsóknir vísbendingar um að gerendur hafi lifað við „harðari“ aðferðir í uppeldinu af hálfu foreldranna en börn almennt, og er þá átt við líkamlegar refsingar, mikla tilfinningasemi og reiði (Guðjón Ólafsson 1996, bls. 26).

„Þetta byrjaði þegar ég var í 2. bekk og ný stelpa kom í skólann. Þá fóru allir að standa með henni vegna þess að henni fannst ég vera eitthvað öðruvísi, ég væri svo ljót og feit“.

(Úr frásögn fórnarlamb. Ráðstefna um einelti, 17. október 1998)

Hverjir stunda einelti? Hvað fá þeir/þær út úr því? Hvernig líður þeim?

„Þetta er valdabarátt, það virðist vera erfitt að vera jafn. Þeir, sem leggja aðra í einelti finnast sér vera ógnað á einhvern hátt“.

„Þeir fá athygli hópsins og vinsældir krakkanna að launum“.

„Harðir klárir leggja í einelti þá mjúku kláru og þeir venjulegu kláru þegja. Þeir vitlausu herma eftir þeim hörðu. Ef maður horfir bara á er maður ekkert betri en gerandinn“.

„Þeim líður ágætlega þar til þau fatta hvað þau eru að gera“.

- Hópur 10 á ráðstefnu um einelti -

Af hverju leggja sumir aðra í einelti? Er hægt að fyrirbyggja það? Hvernig?

„Peir eru sjálflægir - eiga erfitt með að skilja tilfinningar annarra“.

„Peir hafa ekki góða sjálfsmynd - upphelja sjálfan sig með því að niðurlægja aðra“.

„Peir eiga við persónuleg vandamál að stríða (lélegar heimilisaðstæður, gengur illa í námi) og láta það bitna á öðrum“.

„Það er ekki hægt að útrýma einelti í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf ávallt að vera umræða, barátta og allir verða að vera vakandi og meðvitaðir um vandamálið“.

„Það verða að vera samræmdar aðgerðir og barátta til langs tíma“.

- Hópur 13 á ráðstefnu um einelti -

Nokkrar staðreyndir um einelti:

- Skólarnir eru ein besta gróðrarstíán fyrir einelti.
- Einelti er sennilega eitt vanmetnasta vandamál skólans.
- Margir fullorðnir hafa ekki hugmynd um hvernig eigi að taka á eineltismálum - þess vegna er oft horft framhjá þessum vanda.
- Kanadísk athugun leiddi í ljós að kennarar gripu inn í einungis 1 af hverjum 25 eineltistilvikum sem fram fóru að þeim ásjáandi.
- Gerendur glata vinsældum sínum meðal hinna barnanna eftir því sem þeir verða eldri.
- Þegar gerendur hafa náð 24 ára aldri, hafa 60% þeirra hlotið einn dóm eða fleiri, og 35-40% gerenda höfðu fengið þrjá eða fleiri dóma á þessum aldri, samkvæmt rannsóknum Dan Olweus frá 1993.
- Fæst fórnarlömb eineltis eru líkleg til þess að segja frá því sem er að gerast.
- Fyrir sum fórnarlömb eineltis er sjálfsmorð eina leiðin til þess að binda endi á þjáningarnar.

(Heimild: Psychology Today, september/október 1995).

Þegar á heildina er litið er það gerandinn sjálfur sem verður fyrir mestum skaða af eineltinu, enda þótt það blasi ekki við til að byrja með. Neikvæðar afleiðingar eineltisins fyrir gerendur verða æ augljósari er fram líða stundir vegna þess að hegðun þeirra getur haft áhrif á skólagöngu, atvinnu og samskipti við fjölskyldu og vini. Á fullorðinsárum tileinka þessir einstaklingar sér gjarnan andfélagslegt

háttarni og eru líklegri til að fremja glæpi, áreitna maka sinn og börn ef þeir fá ekki aðstoð við að breyta hegðun sinni. Þá leggja þessir einstaklingar oft grunninn að nýjum einstaklingum, sem leggja í einelti (Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir og Rún Kormáksdóttir, 1996, bls. 61).

Hvað verður um þolendur eineltis?

Peir einstaklingar sem hafa orðið að þola langvarandi einelti í æsku bíða þess oft aldrei bætur. Fórnarlamb eineltis á yfirleitt mjög erfitt með að segja frá eineltinu, það er eins og að upplifa aftur skömmina og niðurlæginguna sem fylgir því. Hugleiðingar um sjálfsmorð gera vart við sig, og til eru dæmi þess að eineltið hafi leitt til þess að þolandinn sviptir sig lífi.

„Þetta gekk svona áfram í 3 ár eða þar til ég reyndi að fremja sjálfsmorð, en það var bara stórt kall á hjálp“.

(Úr frásögn fórnarlamb. Ráðstefna um einelti, 17. október 1998)

Talið er að einelti valdi ekki ósvipuðum tilfinningum hjá þeim sem fyrir því verða og hjá fórnarlömbum sífjaspella og pyntinga. Ekki er óalgengt að þessi börn kenni sjálfum sér um það sem er að gerast: „Ég er svo vitlaus eins og þau segja, það er ekkert skrytið þótt þau leggi mig í einelti“. Sjálfsmyndin mótast m.a. af því hvernig einstaklingurinn telur að aðrir skynji hann. Í þessu ferli eru æskuárin mikilvægust. Þannig getur eineltið haft varanleg áhrif á sjálfsmynd og persónuleika þess sem fyrir því verður. Þegar börn fara að nálgast unglingsárin verður jafningjafabópurinn æ mikilvægari í lífi þeirra, og fyrir unglingsárin er hann mikilvægasti félagsmótunaraðilinn. Unglingur sem upplifir höfnun og útskýfun úr jafningjafabópnum getur því lent í miklum sálarháská.

**„Þetta fer inn á
sálinu og þetta fer aldrei
út. Þetta er alltaf hérna og þú
finnur alltaf fyrir verknum. Hvað
sem þú segir, hvað sem þú gerir,
þarna er alltaf verkur sem fer
aldrei“.**

*(Úr frásögn fjórnarlambs.
Ráðstefna um einelti,
17. október 1998)*

**„Ég tók þessu
voðalega illa og
sjálfstraustið mitt er ekkert.
Það hverfur með tímanum með
því sem krakkarnir segja. Það
hverfur, það fer, og það er mjög
erfitt að ná því aftur“.**

*(Úr frásögn fjórnarlambs.
Ráðstefna um einelti,
17. október 1998)*

**„Mér leið alveg
rosalega illa, ég fór að
trúa henni, að ég væri svona
ljót og feit og ömurleg. Mér
fannst það líka sjálfri og
sjálfstraustið fór alveg niður“.**

*(Úr frásögn fjórnarlambs.
Ráðstefna um einelti,
17. október 1998)*

Hver ber ábyrgðina?

Sem fyrr segir getur einelti skotið upp kollinum alls staðar þar sem börn er að finna við leik og störf. **Einelti kemur þess vegna öllum við - það er samfélagslegt vandamál sem allir eru ábyrgir fyrir að tekið sé á.** Talið er að um 75% eineltis meðal barna á grunnskólaaldri eigi sér stað á vettvangi skólans (Guðjón Ólafsson 1996, bls. 18). Þess vegna hlýtur ábyrgð skólafyrvalda á hverjum stað að vera sérstaklega mikil þar sem eineltismálin eru annars vegar. Börn eru skólaskýld samkvæmt lögum og verða því að sækja skóla, um það hafa

þau ekkert val. En börn eiga líka rétt á því að búa við örugg lífsskilyrði. Þau eiga ekki að þurfa að óttast ofsóknir eða fjandsamlega framkomu af einhverju tagi þegar þau mæta í skólann. Þetta eru sjálfsögð mannréttindi nemenda. Það hlýtur því að vera skylda sérhvers skólastjóra að sjá til þess að börn geti stundað nám í öruggum skóla. Skólanefndir sveitarfélaga og skólastjórnendur verða að gera ráð fyrir því að einelti sé í skólunum, og það þarf að gera öllu starfsliði skólanna grein fyrir þessu.

„Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón“.

*(Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins,
3. gr. 3. tl.)*

„Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni“.

*(Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins,
19. gr., 1. tl.)*

„Mamma og pabbi fóru til skólastjórans til þess að ræða þetta mál en hann hlustaði ekki á þau. Hann sagði að krakkarnir í mínum bekk gætu ekki gert þetta því þau væru ekki svona illkvittnisleg. Það hlustað enginn á okkur“.

*(Úr frásögn fjórnarlambs.
Ráðstefna um einelti,
17. október 1998)*

Um hlutverk skólustjórnenda:

Skólustjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forustu. Skólustjóri sér um að skólanámskrá skólans sé gerð.

Lög nr. 66/1995 um grunnskóla, II. kafli, 14. gr., 1. mgr.

Kennslufræðileg þekking, færni í starfi og forystu hæfileikar skólustjórnenda geta ráðið úrslitum um árangur skólastarfs, aðbúnað, líðan kennara, annars starfsfólks og nemenda á vinnustað og traust foreldra á skólanum. Í samvinnu við alla starfsmenn skóla hvílir sú skylda á herðum skólustjórnenda að stuðla að skólaþróun og leita stöðugt leiða til umbóta í skólanum og því starfi sem þar fer fram.

Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 181.

Skólustjóri skal haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

*Erindisbréf fyrir skólustjóra, 2. kafli, 10. gr.
Samband íslenskra sveitarfélaga.*

Varast ber að líta á eineltið eins og hvert annað deilumál milli nemenda sem þeir hafi gott af að leiða til lykta einir og óstuddir. Það er mikilvægt að hinir fullorðnu í umhverfi barnanna geri sér ljósa grein fyrir alvarleika þessa máls: Einelti er samskiptavandi barna sem lagast ekki „af sjálfu sér“. Börn hafa ekki forsendur til þess að ráðast gegn því án aðstoðar

„Kennarinn hjálpaði mér ekki neitt - ég sagði honum oft frá því sem hafði komið fyrir mig og hvað væri alltaf verið að segja við mig og gera við mig. Hann hlustaði ekki á mig“.

*(Úr frásögn fórnarláms.
Ráðstefna um einelti,
17. október 1998)*

frá fullorðnum. Í málum sem þessum lýsa börn og unglingar einmitt eftir frumkvæði og afskiptum fullorðinna. Afskipti og blutdeild fullorðinna stuðlar að öryggi þeirra í skólanum.

Í starfi kennara felst meðal annars:

- Að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gera skólustjóra og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á;
- Að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.

*Úr 4. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskólum:
Samband íslenskra sveitarfélaga.*

Hvert geta einstaklingar sem lagðir hafa verið í einelti leitað? Hvað geta þeir gert við því? Hvernig geta þeir stöðvað eineltið? Hvaða leiðir hafa þeir til þess að láta vita af því?

„Þeir geta leitað til foreldra, umsjónar-kennara, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, starfsmanna félagsmiðstöðva og þjálfara“.

„Starfsmenn eiga að vera vakandi fyrir svona málum. Ef viðkomandi aðili ræður ekki við vandann, þá á hann að vísa málinu til fagaðila, t.d. námsráðgjafa“.

- Hópur 3 á ráðstefnu um einelti -

Ef við gefum okkur að einelti sé ekki lögmál og að hægt sé að stöðva það, hvernig gerum við það?

„Með samvinnu og sameiginlegri baráttu gegn einelti. Allir aðilar verða að vinna saman, þ.e. kennarar, félagsmiðstöðvar, foreldrar, lögregla o.fl. Fullorðnir eru fyrirmyndir og ef þeir gera ekkert hafa þeir brugðist börnunum. Því er nauðsynlegt að allir séu meðvitaðir um einelti og afleiðingar þess“.

- Hópur 6 á ráðstefnu um einelti -

Fórnarlömb eineltis þurfa oft að fá aðstoð hjá fagfólki, eins og sálfræðingum eða námsráðgjöfum. En hvað geta skólafélagar, foreldrar, kennarar, starfsmenn í félagsmiðstöðvum og tómstundastarfi gert?

„Starfsfólk skólans verður að gera ráð fyrir einelti, það þarf að finna það og taka á því. Kennarar verða að hlusta á nemendur og trúa þeim. Starfsfólk skólanna þarf að fylgjast með nemendum í frímínútum. Það mætti bjóða upp á skipulagða dagskrá í frímínútum fyrir þá sem vilja og eru e.t.v. einmana“.

„Nemendur, sem taka eftir einelti verða að segja einhverjum frá því sem hefur völd og getur tekið á því“.

- Hópur 7 á ráðstefnu um einelti -

Oft er kvartað yfir því að kennarar og skólastjórar geri ekki neitt eða bregðist rangt við þegar leitað er til þeirra með einelti. Krökkunum er kennt að besta leiðin til að stöðva einelti sé að segja einhverjum fullorðnum frá. Hvað er hægt að gera til að tryggja að þeir fullorðnu, sem vinna með börn og unglinga, bregðist rétt við?

„Það þarf að koma til samvinna félagsmiðstöðva, foreldra, starfsfólks skólanna og kirkjunnar. Allir þurfa fræðslu og ráðgjöf: Kennarar, skólastjórar, starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar. Umsjónarkennari þarf að tala við aðra kennara og gangaverði ef hann tekur eftir einelti“.

- Hópur 7 á ráðstefnu um einelti -

Fræðsla og aftur fræðsla...

Einelti er vandamál samfélagsins alls og þess vegna verður að stórauka almenna fræðslu og setja eineltið á dagskrá í samfélagsumræðunni. Það er einmitt ein af megin niðurstöðunum að lokinni ráðstefnu umboðsmanns barna að mikill skortur sé á fræðslu um einelti.

Hvernig getum við fengið opnari umræðu og meiri fræðslu um einelti í skólum og á vinnustöðum?

„Það þarf að fræða stjórnendur á vinnustöðum um einelti.

Það þarf að koma fyrirbyggjandi ákvæðum inn í lög og námsskrá“.

- Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

Hvernig er hægt að koma í veg fyrir einelti?

„Það er hægt með fræðslu og umræðu fyrir alla í þjóðfélaginu, ekki bara innan skólanna. Allir þurfa að vita hvað einelti er og gera sér grein fyrir afleiðingum þess“.

- Hópur 12 á ráðstefnu um einelti -

Í samtölum umboðsmanns barna við börn, sem eru - eða hafa verið - fórnarlömb eineltis, og foreldra, sem leita sér aðstoðar vegna barna sinna, kemur oft fram að eineltið hafi viðgengist í langan tíma án þess að skólinn hafi gripið til aðgerða. Því miður er það svo að fullorðna fólkið fær yfirleitt síðast að vita um eineltið - þolendur, gerendur og áhorfendur varðveita þetta voðalega leyndarmál; samsæri þagnarinnar ríkir meðal nemenda þar til málin hafa þróast á illviðráðanlegt stig. Þegar barnið loksins segir frá eineltinu er það ekki tekið trúanlegt. Það er gert lítið úr raunum barnsins og því jafnvel sagt að „þetta geti nú ekki verið svona slæmt“. Þegar kennarar og skólastjórar bregða kíkinn fyrir blinda augað og aðhafast ekkert þegar einelti kemur upp, er það yfirleitt vegna þess að það skortir bæði þekkingu og kunnáttu innan skólans til þess að sjá vandann og bregðast við honum.

Hvað get ég gert til að koma í veg fyrir einelti?

„Það er mjög mikilvægt að hafa augun opin og fylgjast með því sem er að gerast í kringum mann. Ég verð að hafa styrk sem persóna til þess að koma í veg fyrir einelti á fyrsta stigi - um leið og einn mótmælir eineltinu koma fleiri og standa með manni“.

- Hópur 1 á ráðstefnu um einelti -

En það eru ekki bara skólastjórar og kennarar sem þurfa að fræðast um einelti; allt annað starfsfólk skólans, svo sem skólabjúkrunarfræðingar, námsráðgjafar, skólaliðar, gangaverðir, húsverðir, skólabílstjórar og starfsfólk í mótuneyti nemenda, þarf að þekkja einkenni eineltis til þess að geta gert aðvart ef það kemur upp meðal nemenda.

Hvaða leiðir teljið þið að hægt sé að nota í baráttunni gegn einelti?

„Það þarf að fræða alla: Kennara, foreldra, börn og alla. Fræðslan þarf að hefjast snemma og hún þarf að vera stöðug. Mikilvægt er að koma fræðslu inn í kennaramenntunina. En það þarf líka að fræða allt annað starfsfólk skólanna: Skólaliða, sturtuverði, gangaverði o.s.frv.“

- Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

Allir þeir sem vinna með börnum og unglingum á vettvangi frítímans þurfa einnig að fræðast um einelti þannig að þeir séu færir um að þekkja einkenni þess og bregðast við því. Þetta á t.d. við um íþrótt- og tómskundafulltrúa, starfsfólk í félagsmiðstöðvum, íþróttþjálfara, leiðbeinendur í vinnuskólum og starfsfólk á sumarnámskeiðum sveitarfélaga, svo einhverjir starfsbópar séu nefndir.

Getur verið að fullorðnir séu stundum ómeðvitað þátttakendur í eineltinu? Er hægt að gera eitthvað í því?

„Já, þegar þeir sjá ekki vandann, eða afneita honum. Þetta getur stafað af þroskaleysi/reynsluleysi starfsmanna, þeir eru kannski of ungir til þess að þjálfra börn og unglinga. Þögn er sama og samþykki. Það þarf að efla fræðsluna“.

- Hópur 3 á ráðstefnu um einelti -

Hvernig er hægt að fræða fólk um einelti?

„Það þarf að halda námskeið fyrir kennara, foreldra og alla aðra starfsmenn sem vinna með börnum og unglingum“.

„Hafa leiðbeiningar um einkenni eineltis og viðbrögð við því á öllum vinnustöðum, skólum og félagsmiðstöðvum“.

- Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

Það þarf líka að fræða foreldra þannig að þeir geti áttað sig á því hvað er í raun og veru á seyði þegar barni þeirra líður illa. Það er nefnilega ekkert sjálfgefið að eineltisbarnið hafi frumkvæði að því að tala við foreldra sína um vandamálið. Mörg börn sem eru förnarlömb eineltis segjast ekki vilja auka á áhyggjur foreldra sinna með því að segja þeim frá eineltinu. Það er heldur ekkert skemmtilegt að segja frá því heima að maður sé bæði vinalaus og ofsóttur í skólanum. Þess vegna er mjög áriðandi fyrir alla foreldra að þeir læri að þekkja einkenni eineltis eins og þau birtast heima fyrir.

Hvernig er hægt að fræða fólk um einelti?

„Það er hægt að koma fræðslunni inn í foreldraviðtölin. Það má afhenda foreldrum bækling um einelti við það tækifæri“.

- Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

Hugsanlegar vísbendingar um að barn sé lagt í einelti:

- Barnið er hrætt við að ganga eitt í skólann og heim úr skólanum
- Barnið fer að fara aðra leið í skólann en það er vant
- Barnið vill láta fylgja sér í skólann
- Barnið vill ekki fara í skólann - fær þrálátan „skólaleiða“
- Barnið kvartar undan vanlíðan á morgnana
- Barnið byrjar að skrópa í skólanum
- Barnið hættir að sinna náminu, fær slæmar einkunnir
- Barnið fer að koma heim með rifin föt og skemmdar námsbækur
- Barnið kemur svangt heim (nestinu er stolið úr töskunni)
- Barnið fer inn í sig, byrjar að stama, missir sjálfstraustið
- Barnið verður áhyggjufullt og óttaslegið, missir matarlyst
- Barnið talar um að svipta sig lífi, eða gerir tilraun til þess
- Barnið grætur sig í svefn, fer að fá martraðir
- Barnið er sífellt að „týna“ eigum sínum
- Barnið fer að biðja um peninga eða byrjar að stela (til þess að borga gerendum)
- Barnið er alltaf að „týna“ vasapeningunum sínum
- Barnið neitar að segja frá því sem amar að því
- Barnið kemur heim með marbletti, sár og klór sem það getur ekki útskýrt
- Barnið fer að leggja önnur börn og systkini sín í einelti
- Barnið verður árásargjarnt og erfitt viður-eignar
- Barnið gefur fráleitar skýringar á þeim atriðum sem hér hafa verið talin upp

Heimild: Kidscape, beimasíða.

Það eru ekki eingöngu foreldrar eineltis-barnsins sem þurfa að halda vöku sinni. Foreldrar þeirra barna, sem leggja önnur börn í einelti, þurfa einnig að fræðast um einelti.

Það getur vissulega verið erfitt að fá að beyra slíkt um eigið barn. En gerendurnir þurfa aðstoð líka, þeir þurfa að fá skýr skilaboð um að framkoma sem þessi sé óásættanleg og hana sé undir engum kringumstæðum hægt að líða. Það er skylda foreldranna að horfast í augu við ástandið og hjálpa barninu við að breyta neikvæðu hegðunarmunstri sínu.

Eins og þegar hefur komið fram á meirihluti allra barna enga beina aðild að eineltismálum, hvorki sem gerendur né þolendur. Foreldrum þessara barna kann að þykja að einelti komi þeim þá ekki við, fræðsla um þessi mál eigi ekki erindi við þá. En ábyrgð þeirra er síst minni, vegna þess að það eru einmitt þeirra börn sem hafa bolmagn til þess að stöðva eineltið með því að taka afstöðu gegn því í verki. Þess vegna er mikilvægt að foreldrar hlusti grannt eftir því þegar börn þeirra segja frá því heima að einhver skólafélagi þeirra sé lagður í einelti. Í samráði við börn sín geta foreldrar tilkynnt um slíkt til skólastjóra.

„Unglingar geta stöðvað einelti með því að þora að vera þeir sjálfir“.

- Hópur 1 á ráðstefnu um einelti -

Hvað eiga foreldrar að gera ef barnið þeirra er lagt í einelti?

„Foreldrar verða að vera vakandi, svo sem þegar haldið er afmæli og öllum bekknum er boðið, að ekki sé verið að skilja einhvern útundan. Þá þarf að horfa á bekkinn sem hóp en ekki sem einstaklinga“.

„Foreldrar eiga alltaf að standa með barninu sínu í blíðu og stríðu“.

„Ef krakkar treysta ekki foreldrum sínum eiga þeir að geta leitað aðstoðar hjá sálfræðingum og öðrum sérfræðingum sem starfa innan skólans“.

Hópur 7 á ráðstefnu um einelti -

„Tala við barnið sitt, láta það vita að það sé ekkert að því, að það sé fallett“

„Tala við kennarann, skólafyrirvöld“.

- Hópur 14 á ráðstefnu um einelti -

Síðast en ekki síst: Börnin þurfa sjálf að fá fræðslu um einelti. Það þarf að kenna þeim að taka afstöðu gegn því og það þarf að leiða þeim fyrir sjónir, að þau búa sjálf yfir þeim krafti sem þarf til þess að kveða niður einelti á frumstigi. Fræðslu um einelti þarf að hefja snemma, strax í leikskóla, og upprifjun þarf að fara fram að minnsta kosti árlega. Á ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti komu fram margar góðar tillögur um hvernig megi skipuleggja eineltisfræðslu fyrir nemendur. Athyglisvert er að börn og unglingar vilja gjarnan fræðast um einelti af jafnöldrum sínum, eða einstaklingum sem eru litlu eldri en þau sjálf. Þau telja mikilvægt að þeir sem hafa sjálfir beina reynslu af einelti, annað hvort sem þolendur eða gerendur, fræði börn og unglinga um einelti og alvarlegar afleiðingar þess. Hér eru nokkrar tillögur frá börnum og unglingum um hvernig megi standa að fræðslu um einelti:

Það er hægt að koma á **Jafningjafræðslu** um einelti í grunnskólum, hópur af ungu fólki sem færi í skólana og spjallaði opið um málefnið til þess að vekja til umbugunar um hvað einelti befur skaðleg áhrif. Hópurinn myndi samstanda af einstaklingum sem hafa verið ýmist gerendur, þolendur eða áhorfendur. Þetta starf yrði varanlegt.

Nemendaráðin þurfa að marka sér stefnu í eineltismálum. Nemendaráðið getur nýtt sér aðferð Jafningjafræðslunnar og farið inn í bekkina til þess að ræða þetta mál.

Það er hægt að taka fyrir **þema um einelti** í hverjum skóla og/eða félagsmiðstöð. Það er hægt að hafa vinaviku, t.d. fyrir tiltekna bekkjardeild á hverju hausti.

Skólinn eða **félagsmiðstöðin** getur skipulagt helgarferð þar sem þemað yrði einelti og unglingar kæmu saman til þess að ræða um vandamálið.

Það þarf að taka saman sérstakt námsefni um einelti. Í námsþættinum **Tilveru** og **Lífsleikni** mætti taka einelti miklu útarlegar fyrir en nú er gert.

Lögreglan getur frætt um ofbeldi almennt og einelti sérstaklega.

Kirkjan getur byggt upp eineltisfræðslu í barnastarfinu og í fermingarfræðslunni.

Hvenær þarf fræðsla um einelti að byrja? Dugar fræðslan ein og sér?

„Fræðslan þarf að byrja strax í leikskóla - og hún þarf að vera stöðug. Það þarf að halda námskeið á hverju ári“.

„Það þarf að koma á hópumræðum foreldra - sameiginlegar hópumræður nemenda og foreldra“.

- Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

Er hægt að fyrirbyggja einelti?

„Það er ekki hægt að útrýma einelti í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf ávallt að vera umræða, barátta og að allir séu vakandi og meðvitaðir“.

- Hópur 13 á ráðstefnu um einelti -

„Með fyrirbyggjandi aðgerðum og virkri umræðu er hægt að draga stórlega úr því“.

- Hópur 4 á ráðstefnu um einelti -

Þáttur kennarans er mikilvægur

Margar af þeim tillögum og ábendingum sem fram komu á ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti varða kennarana, enda eru samskipti þeirra við nemendur meiri og nánari en annarra starfsmanna skólans. Ljóst má vera að þáttur umsjónarkennara hlýtur að veða sérstaklega þungt í þessu sambandi.

Um hlutverk umsjónarkennara:

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólustjóri velja umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Lög nr. 66/1995 um grunnskóla, 1. mgr. 24. gr.

Umsjónarkennarar eiga öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem þeir hafa umsjón með. Í þessu felst m.a. að leiðbeina nemendum í námi og mati á því, hlutast til um andlega og líkamlega velferð þeirra og hafa samvinnu við foreldra/forráðamenn eftir þörfum. Enda þótt þetta sé hlutverk og skylda allra kennara er hlutverk umsjónarkennara þess eðlis að tryggja verður þeim meiri tækifæri en öðrum kennurum til þess að skapa persónuleg tengsl og trúnaðarsamband við nemendur

Umsjónarkennarar láta sig varða samskipti meðal nemenda. Þeir leitast við að skapa góðan bekkjaranda, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi. Þeir aðstoða nemendur og ráðleggja þeim um vinnulag, námsval og persónuleg mál. Slík persónuleg ráðgjöf gerir ekki þær kröfur til umsjónarkennara að þeir greiði að öllu jöfnu úr vanda nemenda heldur er hlutverk þeirra í samráði við skólustjóra að vísa nemendum, þegar þörf krefur, til sérhæfðs starfsfólks ráðgjafar- og sálfræðipjónustu.

Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 182.

Börn og unglíngar telja að kennarar séu alls ekki nægilega vel undir það búinir að taka á eineltismálum. Eineltið fer stundum fram að kennaranum ásjáandi, það getur verið erfitt að afhjúpa það, og það þarf bæði þekkingu og þjálfun til þess að aðgreina eineltið frá þessum venjulegu pústrum og ærslum sem gjarnan fylgja heilbrigðum börnum og unglíngum. Nemendurnir gera sér oft ekki grein fyrir þessu kunnáttuleysi kennarans. Þegar kennarinn sýnir tómlæti og leyfir eineltinu að viðgangast sendir hann óafvitandi þau skilaboð til barnanna að þessi hegðun sé í lagi. Til eru dæmi um það að kennari taki jafnvel þátt í eineltinu, alveg án þess að gera sér nokkra grein fyrir því.

Eru kennarar nægjanlega undirbúnir í Kennaraháskólanum til að bregðast rétt við einelti?

„Það er enginn nægilega vel undirbúinn, en kennarar ættu að öðlast grunnþekkingu á fyrirbærinu í kennaranáminu, þannig að þeir geti greint einkennin strax á frumstigi“.

-Hópur 8 á ráðstefnu um einelti -

„Það ætti að vera skylda fyrir kennaranema í Kennaraháskólanum að læra um einelti“.

-Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

„Kennara þurfa að læra að taka á eineltinu. Það þarf að setja þetta inn í námsefni þeirra í Kennaraháskólanum“.

-Hópur 10 á ráðstefnu um einelti -

Að mati unglínganna geta kennarar bætt bekkjarandann og komið í veg fyrir einelti með einföldum breytingum á kennslubáttum og fyrirkomulagi kennslunnar. Eftirfarandi tillögur og ábendingar sem fram komu á ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti lúta allar að þessum atriðum:

- Nemendur verða að geta treyst kennaranum, samkvæmt grunnskólalögunum á kennarinn að sjá til þess að öllum líði vel í skólanum.
- Kennarinn verður að þekkja bekkinn sinn - tíð kennarskipti eru mjög óheppileg. Það er æskilegt að kennarinn kenni nemendum meira en eina námsgrein.
- Kennarinn verður að sundra klíkunum og mynda nýja hópa, með því móti fara einstaklingarnir að njóta sín betur. Þá læra allir að vinna með öðrum en ekki bara nánustu félögum sínum. Þetta verða nemendur að læra strax í 1. bekk.
- Það er nauðsynlegt að huga vel að samsetningu í hópastarfi - hafa takmarkaðan fjölda í hverjum hóp fyrir sig.
- Það er gott að para saman vinsæla krakka og þá sem minna mega sín. Kennarinn getur fundið leynivin eða verndara sem stuðningsaðila fyrir fórnarlamb eineltis.
- Þegar fórnarlamb eineltis flytur og byrjar í nýjum skóla fer það eftir nýja kennaranum hvort upplýsa eigi bekkinn um eineltið. Kennarinn verður að vera hæfur til þess að fylgja málinu eftir og halda utanum það.

- Kennarinn getur fundið sterkan einstakling í hópi nemenda, treyst honum fyrir erfiðri reynslu nýja nemandans og beðið hann að veita nauðsynlegan stuðning.
- Enginn kennari vill hafa einelti í bekknum sínum. Hann verður að skapa góðan bekkjaranda og vera nemendum sínum góð fyrirmynd.
- Það er mjög mikilvægt að kennara á unglíngastigi sé gefið svigrúm til þess að sinna hinum félagslega þætti starfsins. Umsjónarkennarinn þarf að fá eina kennslustund í viku með bekknum sínum til þess að taka fyrir ýmislegt sem varðar bekkinn sjálfan sem heild, s.s. samskipti og líðan nemenda. Hann þarf að gera eitthvað skemmtilegt með bekknum utan skóla.

Eineltismál þurfa að fara í ákveðinn farveg

Hvað er hægt að gera þegar einelti kemur upp meðal nemenda í grunnskóla? Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að allir - bæði börn og fullorðnir - viti nákvæmlega hvert eigi að snúa sér með eineltismál og hvaða ferli taki þá við. Enginn á að þurfa að koma að luktum dyrum þegar hann biður um aðstoð vegna eineltis. Allir skólar þurfa þess vegna að vera með skýra stefnumörkun í eineltismálum, hún þarf að vera skrifleg, og það þarf að kynna hana vel og vandlega fyrir öllu starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum þeirra. Það þarf að móta ákveðinn farveg fyrir eineltismálin, og að þeirri vinnu þurfa nemendur að koma vegna þess að þeir gegna lykilhlutverki í því að uppræta eineltið.

Oft kvarta börn og unglíngar yfir að kennarar og skólastjórar geri ekki neitt eða bregðist ekki rétt við þegar leitað er til þeirra með einelti. Hvað er hægt að gera til að tryggja að rétt verði brugðist við?

„Hver skóli verður að marka sér stefnu gegn einelti og gera áætlun um viðeigandi vinnubrögð og aðgerðir. Nauðsynlegt er að slík áætlun geri ráð fyrir að engin tvö eineltismál eru eins. Börn verða að vita til hvaða fagaðila þau geta leitað, s.s. námsráðgjafa, sálfræðinga eða annarra. Einnig er nauðsynlegt að hafa nemendaverndarráð inni í myndinni“.

-Hópur 8 á ráðstefnu um einelti -

Skólar þurfa að búa til áætlun gegn einelti, þar sem markmiðið er öruggur skóli með góðum félagsanda; skóli þar sem nemendur geta stundað nám og notið félagslífs án þess að þurfa að óttast einelti eða annað ofbeldi af hálfu skólafélaga sinna. Í flestum skólum landsins eru starfandi nemendaráð sem hægt er að kalla til þátttöku í þessu starfi. Í slíkri áætlun þarf í fyrsta lagi að koma fram sameiginleg **skilgreining** barna og fullorðinna á því hvað einelti er. Þá þarf í öðru lagi að koma fram hvernig skólinn hyggst **fyrirbyggja** einelti, og í þriðja lagi lýsing á **aðgerðum** af hálfu skólans, þ.e. hvernig tekið er á slíkum málum þegar þau koma upp. Mikilvægt er að hver skóli finni sinn tón í þessum málum; það sem gefst vel á einum stað þarf ekki endilega að eiga við annars staðar. **Þó má ekki gleyma því að einelti getur komið upp í hvaða skóla sem er og hvaða bekk sem er.** Fámennir sveitaskólar með fáa nemendur í hverri bekkjardeild þurfa að geta brugðist við einelti jafnt og fjölmennu þéttbýlisskólarnir þar sem bekkjardeildir eru þéttsetnar.

Hvernig er hægt að kenna fólki að þekkja einelti?

„Fólk verður að þekkja skilgreininguna á einelti (nemendur, starfslið skólanna, félagsmiðstöðva o.fl.)“.

„Það verður að vera samstaða um viðbrögð gegn einelti“.

„Það þarf að halda fleiri ráðstefnur um þetta málefni“.

-Hópur 5 á ráðstefnu um einelti -

Á ráðstefnu umboðsmanns barna komu fram margar góðar ábendingar um hvað þurfi að gera til að bæta félagsanda, efla samkennd og samstöðu meðal nemenda:

„Á ég að gæta bróður míns“?

- Það þarf að byrja í leikskólum með því að efla vináttu, umburðarlyndi og virðingu fyrir einstaklingnum - það gefur sterkari sjálfsmynd og einstaklingar geta tekið afstöðu gegn einelti.
- Það má efla samkennd með því að fara í skólaferðalög

þannig næst betri samstaða í hópnum.

- Það þarf að efla ábyrgðarkennd unglinga og auka þar með félagslega færni þeirra. Þeir sem eru félagslega færir leggja ekki félaga sína í einelti vegna þess að þeir vita betur. Þeir eiga að hafa öðlast þann þroska sem þarf til þess að taka afstöðu með þeim sem lagðir eru í einelti.
- Það þarf að sýna unglingum meiri virðingu og hlusta á þá. Kenna þeim að viðurkenna margbreytileika einstaklinganna.
- Það þarf að efla samkenndina, náungakærleikann og væntumþykjuna.
- Það þarf að efla samstarf milli félagsmiðstöðva (unglingaráð) og grunnskóla (nemendaráð).
- Það þarf að styrkja sjálfsímynd einstaklinganna með því að leyfa öllum að blómstra. Félagslega fær einstaklingur tekur afstöðu í lífinu. Það þarf að kenna tjáningu í grunnskólunum þannig að nemendur fái þjálfun í að rökstyðja mál sitt og skiptast á skoðunum.
- Við þurfum að vera opin fyrir nýjungum, margbreytileika einstaklinganna, viðurkenna að við erum ólík.
- Það mætti halda sjálfsstyrkingarnámskeið innan skóla eða félagsmiðstöðva. Það þarf að byggja upp sjálfstraust og hrósa börnum og unglingum - kenna þeim að allir þurfi ekki að vera eins.
- Það þarf að efla foreldraráðin, þannig að þau séu fær um að halda stórfundi með foreldrum um þessi mál.
- Það er mikilvægt að kennarar og aðrir fullorðnir kenni börnum og fræði þau um rétta hegðun - fullorðnir bera ábyrgð á því að börn hljóti gott uppeldi og undirbúning fyrir lífið.



Hvernig getur áætlun gegn einelti litið út?

Eins og þegar hefur komið fram hefur einelti m.a. talsvert verið rannsakað bæði í Noregi og Svíþjóð. Hægt er að styðjast við þá þekkingu sem safnast hefur á hinum Norðurlöndunum, bæði hvað varðar eineltið sjálft, en einnig að því er varðar baráttuáðferðir til þess að vinna bug á því.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er einkum stuðst við handbókina „Att stoppa mobbing går“, eftir Anncha Lagerman og Pia Stenberg.

Við Österholmskólann í Skärholmen, Stokkhólmi, hefur verið unnið skipulega gegn einelti undanfarin 10 ár. Árið 1989 reyndi stúlka, sem var nemandi í 9. bekk í skólanum, að svipta sig lífi. Í ljós kom, að hún hafði árum saman verið fórnarlamb mjög grimmilegs eineltis í skólanum. Það skelfilega var, að ekkert af starfsfólki skólans hafði minnsta grun um að stúlkan væri lögð í einelti, og hún hafði ekki sagt neinum frá raunum sínum. Það skal tekið fram að einelti við Österholmskólann var á þessum tíma hvorki meira né minna en í öðrum skólum. Þessi bræðilegi atburður varð til þess að nokkrir kennarar við skólann ákváðu að hefja virka baráttu gegn einelti meðal nemenda. Österholms-aðferðin þykir hafa gefið mjög góða raun; hún er í stöðugri þróun, en hún tekur einkum mið af niðurstöðum eineltisrannsókna í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Aðferðin byggir á nánú samstarfi og trúnaði milli nemenda og starfsfólks skólans. Tíðni eineltis við skólann hefur dregist saman um 50% á þeim 10 árum sem aðferðinni hefur verið beitt.

Österholmsaðferðin

-Svona vinnum við gegn einelti-

Hvernig byrjum við?

- Byrjið á að mynda eineltisteymi fullorðinna
- Veljið tvo nemendur í hverjum bekk til að vera stuðningsfélagar

Hvernig komumst við að því hvort einelti sé í skólanum?

- Búið til fræðslubækling fyrir foreldra - veitið upplýsingar á foreldrafundum
- Kannið líðan nemenda einu sinni á ári með einfaldri spurningakönnun
- Hvetjið allt starfsfólk skólans til þess að láta vita ef það hefur grun um að einelti sé í skólanum
- Hvetjið nemendur til þess að tilkynna um einelti - leggið áherslu á að gerendum verði ekki refsað
- Eineltisteymið og stuðningsfélagarnir hittast reglulega á fundum til þess að ræða hvernig starfið gengur

Hvernig tökum við á einelti?

- Einstaklingsviðtöl samkvæmt Farsta-aðferðinni
- Viðtalinu fylgt eftir
- Stuðningsviðtöl við fórnarlambið. Stuðningsviðtöl við gerandann

Ef þetta dugar ekki, hvað gerum við þá?

Ef gerendur finna sér nýtt fórnarlamb, eða ef þeir hætta ekki eineltinu:

- Eftirlit í frímínútum
- Viðurlög
- Foreldraviðtöl
- Láta gerandann breyta um umhverfi
- Tilkynna um eineltið til lögreglu

Fyrirbyggjandi aðgerðir

- Vináttuæfingar
- Skólareglur
- Fræðsluheimsókn frá Lögreglunni: „Einelti er ofbeldi“



Skýringin á þessum góða árangri er sú, að Österholmsaðferðin byggir á því að virkja það afl sem býr í nemendum sjálfum. Sem fyrr segir eru þeir einmitt lykillinn að lausn vandans. **En það eru hinir fullorðnu sem bera ábyrgðina á því að taka á eineltinu.**

Byrjað er á því að mynda **eineltisteymi** með ábugasömu starfsfólki við skólann. Æskilegt er að kynjablutföll séu sem jöfnust, og mikilvægt er að nemendaverndarráðið sé kallað til samstarfs. Í 4.-10. bekk velja nemendur í leynilegri kosningu tvo **stuðningsfélaga** fyrir hvern bekk, einn strákur og eina stelpu. Hlutverk stuðningsfélaganna er að fylgjast með samskiptunum í bekknum, og - ef þeir treysta sér til - að segja gerendum að hætta eineltinu. Stuðningsfélagarnir eru ekki í neinu „lögghlutverki“, heldur eru þeir til taks og veita þeim stuðning sem minna mega sín. Ef eineltið heldur áfram kalla stuðningsfélagarnir eftir aðstoð frá eineltisteyminu. Áætlun skólans gegn einelti er rækilega kynnt fyrir öllum nemendum.

Eineltið dylst fullorðnum - þess vegna þarf að afbjúpa það. Þegar barn byrjar í Österholmskólanum fá foreldrarnir **bækling** þar sem áætlun skólans gegn einelti er kynnt. Bæklingarnir eru afhentir foreldrunum beint, ekki er mælt með því að nemendur séu látnir bera þá heim eða þá að þeir séu sendir í pósti. Foreldrar eru hvattir til þess að gera skólanum strax aðvart hafi þeir grun um að barn þeirra sé lagt í einelti. Í bæklingnum er m.a. að finna nöfn þeirra sem mynda eineltisteymið. Í foreldraviðtölum eru einnig gefnar útarlegar upplýsingar um áætlun skólans gegn einelti.

Einu sinni á ári er andleg líðan nemenda könnuð með því að láta þá svara einfaldri **spurningakönnun**. Nafnleyndar er að sjálf-sögðu gætt, en skólinn notast við þrenns konar spurningaeyðublöð, allt eftir aldri og þroska nemendanna.

Hvernig á að hjálpa einstaklingum sem verða fyrir einelti að jafna sig og komast inn í hópinn?

„Það er hægt að virkja 1-2 sterka aðila (félagslega og andlega) til að standa með einstaklingnum“.

„Skapa vinahópa eins og í félagsmiðstöðvunum - það hefur gefið góða raun“.

- Hópur 2 á ráðstefnu um einelti -

Spurningablað fyrir 1.-3. bekk í grunnskóla.

Hvernig líður þér í skólanum?

Þú átt ekki að skrifa nafnið þitt á blaðið!

Strákur

Stelpa

Bekkur: Ár:

Það er mikilvægt að þér líði vel í skólanum. Þér á ekki að finnast þú vera einmana og hinir krakkarnir mega ekki vera vondir við þig. Allir eiga að vera vingjarnlegir og hjálpa hver öðrum. Þú átt að geta sagt frá því sem skiptir máli fyrir þig.

Nú áttu að segja frá því hvernig þér líður við ýmis tækifæri.

Litaðu karlinn sem þér finnst eiga best við, þegar þú hugsar um spurningarnar hérna fyrir neðan. Þú mátt líka setja hring utanum karlinn.

Hvernig líður þér þegar þú.....

- | | | | |
|------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| 1. Ferð í skólann | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 2. Hugsar um kennslustundirnar | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 3. Hugsar um bekkjarfélagana | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 4. Hugsar um frímínútur | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 5. Hugsar um leikfimina | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 6. Hugsar um matsalinn | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 7. Hugsar um að lesa upphátt | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 8. Ert á leiðinni heim úr skólanum | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| 9. Ert heima hjá þér | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |

Nú skaltu láta kennarann hafa blaðið!

Geta rannsóknir hjálpað til í baráttunni gegn einelti?
Og þá hvernig?

„Já, við teljum að rannsóknir geti borið árangur í baráttunni gegn einelti. Það skiptir öllu máli að þeim sé fylgt eftir. Kennarinn getur gert könnun á einelti en til þess að geta það þarf hann að vera vel upplýstur og sjá til þess að stöðug fræðsla sé um einelti“.

-Hópur 6 á ráðstefnu um einelti -

Allt starfsfólk Österholmskólans er hvatt til þess að hafa bæði augu og eyru opin og fylgjast vel með öllum eineltistilburðum nemenda. Ekki er allt sem sýnist þegar eineltið er annars vegar: Barnið sem þarf útrekað að láta í minni pokann í „gammislag“ gæti í rauninni verið fórnarlamb eineltis, jafnvel þótt það segi að þetta sé allt í góðu. Með því vonast það til að halda gerendunum góðum. Vakni grunur um að einhver nemenda sé í nauðum staddur á að spyrja hann varlega, **og í einrúmi**, hvort hinir krakkarnir séu vondir við hann, séu með stríðni og læti, og hvort það gerist oft. Ekki er talið æskilegt að nota orðið einelti - það er alltof viðkvæmt.

Ef barnið vill ekki segja frá, þá er hægt að bera grunsemdirnar undir annað starfsfólk skólans. Ráðlegt er að fara gætilega í að spyrja aðra nemendur. Kannski taka þeir sjálfir þátt í eineltinu, eða eru trúir þeim sem fyrir því stendur. Þá geta málin jafnvel þróast á enn verri veg.

Nemendur eru hvattir til þess að láta vita ef einhver er lagður í einelti. En fyrst þarf að byggja upp traust milli nemenda og fullorðinna starfsmanna skólans. Nemendur verða að geta treyst því að þeir njóti **nafnleyndar** ef þeir segja frá einelti. Þeir verða líka að treysta því að gerendum verði **ekki refsað**. Mikilvægt er að útskýra fyrir þeim að það er grundvallarmunur á því að klega einhver, og að koma nauðstöddum skólafélaga til hjálpar. Tilgangurinn með klögu-málum er að koma einhverjum í klandur, en ef maður segir frá einelti þá er maður að hjálpa einhverjum sem getur ekki varið sig sjálfur.

„Okkur vantar trúnaðarmann í skólann, félagsmiðstöðina eða kirkjuna. Trúnaðarmaðurinn þarf að vera nálægt okkur í aldri. Það vantar traust milli nemenda og kennara“.

-Hópur 1 á ráðstefnu um einelti -

„Það þyrfti að rannsaka hversu mikil áhrif það hefur að segja frá eineltinu og setja niðurstöðurnar fram í tölum. Það myndi ýta á krakkana að segja frá eineltinu“.

-Hópur 9 á ráðstefnu um einelti -

„Fórnarlambið þarf að vera öruggt um að verða ekki fyrir hefndaraðgerðum þó það komi kvörtunum sínum á framfæri“.

„Það þarf að vera hægt að gefa upp nöfn þolanda og geranda í nafnlausu bréfi“.

-Hópur 13 á ráðstefnu um einelti -

Eineltisteymið og stuðningsfélagarnir halda síðan reglulega fundi til þess að ræða stöðu mála.

Þegar einelti kemur upp í Österholmskólanum fer ákveðið ferli af stað þar sem farið er eftir föstum reglum. Gerendur eru boðaðir í viðtal - einn í einu - þar sem beitt er ákveðinni viðtalstækni sem er kölluð Farsta-aðferðin. Viðtalið er staðlað og rík áhersla er lögð á að víkja sem minnst frá formi þess. Einnig er talið mikilvægt að blanda ekki saman fleiri en einni úrlausnaraðferð. Tveir fulltrúar úr eineltisteyminu stjórna viðtalinu, en viðkomandi nemandi er sóttur í kennslustund. Nemandinn er ekki undirbúinn fyrir viðtalið og fær engar upplýsingar um tilefnið. Viðtalið fer fram á rólegum stað þar sem ekki er hætt á truflun. **Það er afar mikilvægt að gerandanum sé sýnd virðing og að framkoma hinna fullorðnu sé fordómalaus og vinsamleg.**

Staðlað viðtal við geranda samkvæmt Farsta-aðferðinni:

Kennari: Komdu sæll Siggi.

Nemandi: Komdu sæll.

K: Veistu hvers vegna við viljum tala við þig?

N: Nei.

K: Það er um hann Jóa í bekknum þínum. Sumir krakkarnir eru vondir við hann.

Kannast þú við það?

N: Já, það er stundum verið að stríða honum.

K: Er verið að gera eitthvað meira?

N: Já, honum er stundum hrint og svoliðis.

K: Við vitum það, og við vitum líka að þú tekur þátt í því að stríða Jóa og hrinda honum. Í löngu frímínútunum í gær hrintir þú honum og kallaðir hann ljótu uppnefni. Er þetta rétt?

N: Já, en hinir voru líka að uppnefna hann.

K: Við tölum við þá seinna. Það var ekki Jói sem sagði okkur þetta, það voru aðrir krakkar sem gerðu það. En nú ætlum við að tala um þig. Þetta sem þú hefur verið að gera er mjög alvarlegt mál. Þetta er kallað einelti, og það viljum við alls ekki hafa í okkar skóla. Skilur þú það?

N: Já.

K: Hvað getur þú gert til þess að krakkarnir hætti að leggja Jóa í einelti?

N: Ég get hætt að stríða honum.

K: Það er nú aldeilis fínt. Heldur þú að þú getir gert það?

N: Já, ef hann hættir líka að stríða.

K: Við skulum tala um það við Jóa. Ef hann fer að stríða þér þá viljum við að þú komir og talir við okkur í staðinn fyrir að rífast við hann. Getur þú gert það?

N: Já.

K: Við erum líka viss um það. Er það eitthvað fleira sem þú getur gert þannig að Jói losni við eineltið?

N: Ég get sagt við hina að þeir eigi að hætta því.

K: Það er mjög gott hjá þér. Heldur þú að þú getir það?

N: Já.

K: Það höldum við líka. Nú ætlum við að fylgjast með þér og hinum krökkunum í bekknum til þess að sjá hvort þið hættið ekki örugglega að vera vond við Jóa. Svo skulum við tala aftur saman seinna og sjá hvernig það hefur gengið. Skilur þú þetta?

N: Já.

K: Það var gott. Svo getur þú sagt mömmu þinni og pabba að þú hafir verið dálítið vondur við Jóa, en nú sértu hættur því. Þá verða þau ánægð. Ef hinir krakkarnir fara að spyrja þig hvað við vorum að tala um þarftu ekki að segja frá því. Skilur þú það?

N: Já.

K: Ágætt. Nú máttu fara aftur í stofuna þína. Við hittumst svo aftur seinna. Vertu bless.

N: Bless.

Nokkrum síðar er þessu samkomulagi síðan fylgt eftir með stuttu viðtali. Stundum er nauðsynlegt að kalla bæði þólanda og geranda í stuðningsviðtöl. Þólandinn þarf bæði aðstoð við að byggja upp sjálfstraustið og hann þarf einnig að fá hjálfun í að setja takmörk fyrir framkomu annarra í eigin garð.

Hvað á að gera við þá sem leggja aðra í einelti?

„Það á ekki að refsa þeim, það á að hjálpa þeim“.

„Það á að gera þeim grein fyrir hvað þeir eru að gera“.

- Hópur 10 á ráðstefnu um einelti -

Sú viðtalstækni sem hér hefur verið lýst hefur reynst mjög árangursrík í Österholmskólanum. Í langflestum tilvikum leiðir viðtalið til þess að eineltið hættir. **Rétt er að ítreka mikilvægi þess að halda sér við eina aðferð gegn einelti og blanda ekki mörgum saman** - í þeim tilvikum þar sem viðtalið hefur ekki borið árangur hafa aðrir starfsmenn skólans haft einhverskonar afskipti af viðkomandi nemendum og þá getur viðtalið misst marks.

Hvað er til ráða ef þessar aðferðir duga ekki? Hægt er að láta gerendur sæta sérstöku eftirliti í frímínútum, eða að beita þá viðurlögum, svo sem að útiloka þá frá skólaskemmtun eða öðru því sem þeim þykir eftirsóknarvert á vettvangi skólans. Á þessu stigi er einnig rétt að kalla foreldra til sögunnar, hafi nemandinn ekki þegar sagt þeim frá eineltinu, sem er auðvitað talið æskilegast. Foreldrar eru þá boðaðir á fund í skólanum með tveimur kennurum og viðkomandi nemanda. Mikilvægt er að koma málum þannig fyrir að nemandinn segi sjálfur frá eineltinu, það er auðveldara fyrir foreldrana. Hafa ber í huga að fundarefnið er mjög viðkvæmt og máltækið „aðgát skal höfð í nærveru sálar“ á sérstaklega vel við í þessu sambandi.

Ef eineltið er orðið mjög illviðráðanlegt er sá möguleiki fyrir hendi að láta gerandann skipta um umhverfi. Hann er þá annaðhvort færður í



annan bekk eða látinn skipta um skóla. **Fórnlömb eineltis eiga ekki að þurfa að skipta um bekk eða skóla!** Hafi eineltið hins vegar stadið yfir í langan tíma, jafnvel nokkur ár, getur það borgað sig fyrir fórnarlambið að skipta um umhverfi til þess að auðvelda því að skipta um blutverk.

Ef ekkert annað dugur, þá á óbikað að kæra eineltið til lögreglu. Það er skólastjóri sem á að taka ákvörðun um slíkt. Einelti er ofbeldi, og þegar það er komið á svo alvarlegt stig að þólandinn er farinn að sæta alvarlegum líkamlegum misþyrmingum af hendi gerendanna, er oft ekki um annað að ræða en að tilkynna um málið til lögreglu. Samkvæmt íslenskum lögum eru börn sakhæf við 15 ára aldur. Líkamlegt ofbeldi sem börn beita hvert annað í skólanum eða á skólalóðinni getur þegar verst lætur flokkast sem refsivert brot, á sama hátt og það ofbeldi sem fullorðnir beita hver annan á götum úti. Að því getur komið að rétt þyki að meðhöndla eineltið samkvæmt þeirri mælistiku.

Hvað getur lögreglan gert til þess að hjálpa til í baráttunni gegn einelti?

„Hún getur verið sýnilegri í umhverfi unglunga (hverfislögreglumenn).“

Hún getur lagt sig fram um að ná góðu sambandi við unglunga.

Formleg afskipti lögreglu geta stöðvað eineltið með kröfum um að því sé hætt.

Lögreglan getur hjálpað gerandanum og fjölskyldu hans“.

- Hópur 11 á ráðstefnu um einelti -

Nemendur gegna lykilhlutverki

Eins og þegar hefur komið fram byggir aðferðin sem að framan hefur verið lýst á nánu samstarfi og trúnaði milli nemenda og starfsfólks skólans. Nemendur gegna lykilhlutverki. Hér hefur einungis ein aðferð verið valin sem dæmi, en sérhver skóli verður hins vegar að móta sína stefnu í þessum efnum. Mikilvægast er að einhverskonar áætlun sé fyrir hendi. Börn bafa almennt ríka réttlætiskennd, þess vegna munu nemendur fagna því ef skólinn setur sér áætlun gegn einelti. Hins vegar er miklu líklegra að þeir styðji hana í verki ef þeir bafa sjálfir tekið virkan þátt í að semja hana og ákvarða um framkvæmd hennar. **Áætlun skólans gegn einelti stendur því og fellur með nemendum.**

Ábrifariðasta tækið sem skólinn hefur yfir að ráða í baráttunni gegn einelti eru nemendurnir sjálfir. Meiribluti nemenda á enga beina aðild að einelti, hvorki sem gerendur né þolendur. Þessi hópur veit hins vegar oft af eineltinu löngu áður en hinir fullorðnu fá vitneskju um það. Ef skólanum tekst að vekja þennan hóp „hlutlausra áborfenda“ til vitundar um skaðsemi eineltis, þannig að þeir taki afstöðu gegn því í verki, mun árangurinn örugglega ekki láta á sér standa.

Trúnaður verður að ríkja milli barna og fullorðinna ef áætlun gegn einelti á að skila því sem til er ætlast. Þegar nemandi tilkynnir um einelti ber að fara með slíkt sem algjört trúnaðarmál - **nafnleyndin** skiptir öllu máli fyrir nemendur og þetta ber að virða án skilyrða. Ef nemendur treysta ekki kennurum og öðru starfsfólki skólans í þessum efnum, mun eineltið halda áfram að gerjast og gerendur fá að stunda sinn ljóta leik óáreittir.

Allt starfsfólk skólans þarf að hafa þjálfun í að þekkja einkenni eineltis. Sem fyrr segir hefur eineltið mörg andlit og ekkert eineltistilvik er í rauninni eins. Hrindingar og áflog milli nemenda, sem fljótt á litið virðast ósköp saklaus, eiga sér e.t.v. langa forsögu, þar sem sami aðilinn verður alltaf undir.

Aðgerðir af hálfu skólans í eineltistilvikum verða að vera skýrar og nákvæmar. Nemendur þurfa að þekkja í hverju þessar aðgerðir eru fölgjar, í hvaða farveg slík mál eru látin fara. Þolendur eineltis og fjölskyldur þeirra eiga rétt á því að skólinn sýni þeim skilning, veiti þeim styrk og aðstoði þau með öllum tiltækum ráðum.



Tekist á við einelti

Jakob Frímann Þorsteinsson

Fræðsla á vegum Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar og námsefnisútgáfu Æskunnar ehf.

Jakob Frímann Þorsteinsson heiti ég og starfa sem fræðslustjóri hjá Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkurborgar.

Fyrst langar mig að þakka umboðsmanni barna og hennar fólki fyrir mjög ábugaverða og skemmtilega ráðstefnu. Í dag höfum við skipst á skoðunum um mjög mikilvægt málefni og að mínu mati tekið í sameiningu nokkur skref fram á við. Við höfum í sameiningu lagt á ráðin um ferð til fyrirheitnalandisins þar sem vinátta ríkir og ekkert einelti er. Til þess að komast á leiðarenda þá þurfum við ekki bíl, flugvél eða skip heldur annarskonar farartæki.

Ég ætla að segja ykkur í stuttu máli frá verkefni sem við ætlum að fara af stað með í Reykjavík. Þetta verkefni getur kannski orðið ágætis farartæki.

Hér er um að ræða fræðslu á vegum ÍTR fyrir unglunga þar sem tómsundaráðgjafi, en það köllum við starfsmann í félagsmiðstöð, fer inn í 8. bekk og fræðir og ræðir við unglunga um einelti.

Verkefnið er unnið í samvinnu við fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar og Æskuna ehf.

Aðdragandi verkefnisins

- Árið 1989 stóðu Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob Frímann að fræðslu um einelti í 5. og 8. bekk í Árbæjarskóla
- Eineltisfræðslan þróaðist áfram í umsjá Vöndu á árunum 1990-98; voru margir bekkir og unglingahópar heimsóttir með góðum árangri
- Lengi hefur verið þörf á útgáfu fræðsluefnis um einelti. Vorið 1998 fékkst styrkur til verkefnisins úr Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins

Ástæðan fyrir því að við sóttum um styrk í Starfsmenntasjóð til að gera fræðsluefnið er að efnið tekur bæði fræðilega á því hvernig fagfólk - sérstaklega fagfólk sem starfar á vettvangi frítímans - getur unnið með einelti og bendir líka á bagnýtar aðferðir við að stöðva og koma í veg fyrir einelti.

Markhópur - markmið

- Markhópurinn: Unglingar, einkum í 8. bekk.

Markmið verkefnisins eru:

- Að draga úr og koma í veg fyrir einelti með því að skapa umræðu meðal unglunga um einelti, afleiðingar þess og hvað megi gera til að vinna gegn því
- Að hafa áhrif á viðhorf unglunga þannig að þeir taki afstöðu gegn einelti
- Að auka faglegt samstarf þeirra aðila sem vinna með börn og unglunga í hverfum borgarinnar
- Að þjálfa rétt viðbrögð við einelti

Það þarf oft að hafa bein í nefinu til að standa með þolanda eineltis og því þurfum við að hafa áhrif á viðhorf unglingsanna til þess að þau taki afstöðu.

Faglegt samstarf og rétt viðbrögð við einelti eiga að byggja á skýrri afstöðu okkar gegn einelti og aðgerðum til að stöðva það. Ef við gerum ekkert þegar við sjáum einhvern lagðan í einelti eða við aðhöfumst ekkert þegar unglingur kemur til okkar og segir okkur frá einelti - þá erum við að samþykkja einelti.

Framkvæmd

Verkefnið fer fram í sex áföngum:

- 1. Könnun í upphafi á tíðni eineltis og viðhorfi nemenda í ákveðnum hverfum borgarinnar**
- 2. Þjálfun tólmstundaráðgjafa/-leiðbeinanda í félagsmiðstöðvum. Þjálfunin byggist á sérstöku náms- og kennslufni fyrir verkefnið**
- 3. Rík áhersla er lögð á hverfisbundið samstarf og að sameiginlega verði þróað ferli við lausn vandamála**
- 4. Kynning á verkefninu og þjálfun starfsfólks skólanna þar sem áhersla verður á hverfisbundið samstarf í tengslum við innra starf skólanna og við að þróa sameiginlegt ferli við lausn vandamála**
- 5. Fræðsla og verkefnavinna nemenda í 8. bekk sem beinist að því að hafa áhrif á viðhorf og að fá nemendur til að taka afstöðu gegn einelti**
- 6. Mat á árangri verkefnisins með endurtekinni könnun á tíðni eineltis og viðhorfum nemenda. Einnig verður könnun lögð fyrir starfsmenn beggja stofnananna þar sem spurt er um viðhorf til verkefnisins og starfsmenn beðnir að meta árangur**

Þegar við erum að glíma við vandamál eins og einelti þá heyrir maður oft sagt að skólinn eigi að taka á þessu máli. Fleiri vandamál eins og áfengisdrykkja unglings, reykingar, vímuefnaneysla og lélegur breyfiproski barna eru líka í verkabring skólans. Og það er rétt, enda er hann að sinna þessum hlutverkum í sínu daglega starfi ásamt því að mennta.

En það eru fleiri leiðir að settu marki. Sundum eru jafnvel aðrir aðilar betur til þess fallnir en fagfólk skólans að vinna með ákveðna þætti er tengjast í uppeldi og menntun barna og unglings.

Starfsfólk í félagsmiðstöðvum á daglega mikil og jákvæð samskipti við fjölda unglings og er samkvæmt rannsóknum mikilvægar fyrirmyndir í augum þeirra.

Það er sérstaklega mikilvægt að náðið hverfabundið samstarf og samvinna sé á milli starfsfólks félagsmiðstöðva og alls starfsfólks skóla.

Mér finnst þýðingarmikið að haft sé í huga að allt starfsfólk skólans þarf að vera virkt í samvinnunni hvort sem það eru skólaliðar (starfsfólk skóla), skólastjórar, kennarar, húsværðir, skólabjúkrunarfræðingar, skólaráðgjafar o.s.frv.

Hvar og hvenær?

- Unnið verður með markvissum hætti gegn einelti í samstarfi grunnskóla á unglingsstigi og félagsmiðstöðva í tveimur hverfum borgarinnar á tímabilinu janúar til mars árið 1999
- Einnig verður öðrum skólum borgarinnar boðið upp á fræðslu um þessi mál fyrir nemendur en þau verkefni verða meira háð vilja og óskum í hverju hverfi
- Á hverju hausti frá og með haustinu 1999 verður grunnskólum í Reykjavík boðið upp á fræðslu og verkefnavinnu um einelti

Náms-, kennslu- og fræðsluefni

Uppbygging fræðsluefnis er þríþætt:

- a) Fræðilegt efni handa kennurum og leiðbeinendum í uppeldisstörfum, þýtt og staðfært efni (að stofni frá National Youth Federation, Írlandi)
- b) Verkefnapakki til notkunar með unglingum (verkefni til ljósritunar, kennsluefni á glærum og kennsluleiðbeiningar)
- c) Upplýsingablöðungur handa foreldrum og aðstandendum unglunga

Áætlað er að gefa námsefnið út um miðjan janúar á næsta ári

Efnið er sérstaklega skrifað fyrir fagfólk sem vinnur á vettvangi frítímans eins og tómstundaráðgjafa, skáta, íþróttahjálfara, æskulýðsleiðtoga, starfsmenn ungmenna- og æskulýðsfélaga ýmiskonar og bentar einnig vel fyrir kennara og annað fagfólk skólanna.

Forsendur þess að vel takist:

- Samvinna: ÍTR og Fræðslumiðstöð
- Gæða kennsluefni: Fræðilegt, hagnýtt og árangursríkt
- Hæfir leiðbeinendur: Starfsfólk félagsmiðstöðva

Að lokum.

Forsendur þess að vel gangi er:

- Góð og fordómalaus samvinna
- Hentugar og árangursríkar aðferðir og
- Frábærir leiðbeinendur

Í upphafi talaði ég um að við værum í ferðalagi til fyrirheitnalandisins þar sem allir væru vinir og ekkert einelti væri til. Ég hef nú sagt ykkur frá verkfæri sem ég hef staðfasta trú á að virki. Ég held að þetta sé gott farartæki en ég er líka viss um að það eru til margar aðrar leiðir - aðrir ferðamöguleikar - sem skila okkur í sólina!

Takk fyrir.



Ávarp menntamálaráðherra

Björns Bjarnasonar

Í upphafi máls míns vil ég þakka umboðsmanni barna fyrir að boða til þessa málþings um einelti. Tel ég mjög vel til þess fundið að kalla ungt fólk til slíkra umræðna, því að umræðurnar sjálfar eru mikilvægt skref til að vinna bug á þessu vandamáli.

Raunar er ekki langt síðan tekið var til við að skilgreina einelti sem vanda eða viðfangsefni í skólum hér á landi og erlendis. Þegar ég var í skóla, var þetta hugtak ekki notað um það, þegar einstaklingum var gert lífið leitt í skóla eða þeim strítt. Auðvitað var það þó gert þá eins og núna.

Á síðustu árum hefur umræða um einelti meðal barna og ungmenna vaxið mjög hér á landi. Í mörgum tilvikum hafa þeir sem starfa að skólamálum vakið máls á efninu vegna atvika sem átt hafa sér stað innan veggja skólans eða á skólalóðinni. Skólar og foreldrar hafa vaxandi ábyggjur af þessum málum og er kallað á aðgerðir til úrbóta. Hér á landi hefur þó ekki verið gerð rannsókn sem varpar ljósi á heildarumfang og eðli eineltis í skólum. Hins vegar hafa verið gerðar kannanir á tíðni eineltis innan tiltekinna skóla og svæða og benda þær til þess að einelti sé vandi margra ungmenna á Íslandi ekki síður en jafnaldra þeirra erlendis.

Þrátt fyrir að einelti hafi lengi verið vanda-mál er það eins og áður segir skammt síðan og ekki fyrr en á áttunda áratugnum sem almenn-ingur og fræðimenn víða um Evrópu, Japan og í Bandaríkjunum fara að gefa þessu máli gaum af alvöru, skilgreina hugtakið og rannsaka á kerfisbundinn hátt hvernig málum er háttað í raun og veru.

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að einelti er víða vandamál meðal barna og ungmenna. Þannig kom fram í ítarlegri rannsókn sem gerð var í Noregi á 9. áratugnum að 3% nemenda í grunnskólum landsins voru teknir fyrir í skólanum einu sinni í viku eða oftár og alls

töldust um 15% grunnskólanemenda í rannsókninni tengjast einelti á einbvern hátt, annaðhvort sem gerendur eða þolendur.



Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins, þ.e. starfsfólk skóla, foreldrar og nemendur, taki þátt í umræðum og komi að stefnumótun í þeim fjölmörgu málefnum sem snúa að því sem fram fer í skólanum, hvort heldur um er að ræða námið sjálft eða andlega vellíðan nemenda. Grunnskólinn er vinnustaður nemenda í 10 ár og þótt lög, reglugerðir og aðalnámskrá eigi að tryggja sem best samskipti milli nemenda innbyrðis og við kennara verður aðbúnaður í skólum að vera þannig að nemendum líði sem best.

Ég tel brýnt að allir skólar komi sér upp eins konar forvarnaráætlun sem felur í sér aðgerðir til að fyrirbyggja og vinna gegn einelti á markvissan hátt. Slíkar aðgerðir geta falið í sér að skólar skilgreini í skólanámskrá hvernig skuli unnið gegn einelti. Foreldraráð hvers skóla á að veita umsögn um skólanámskrá og gefst þá foreldrum tækifæri til að koma með hugmyndir um aðgerðir sem vinna gegn einelti. Einnig þarf að vera til staðar áætlun um hvernig skuli brugðist við ef upp kemst um einelti í skólanum, þ.e. hvaða aðili innan skóla vinnur með slík mál og hvernig. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli heimila og skóla þegar eineltismál koma upp. Trúlega er vart hægt að gera ráð fyrir að alfarið verði komið í veg fyrir einelti en með því að upplýsa alla aðila um hvað einelti er, má vinna

gegn því og því er brynt að meðferð slíkra mála sé í ákveðnum farvegi innan skóla.

Þá mætti hugsa sér að koma á skipulagðri fræðslu um einelti fyrir bæði foreldra og kennara sem jafnframt stuðlaði að opnari umræðu um málefnið. Það er þó ekki nóg að fullorðna fólkið fræðist um og ræði þessi mál. Umræðan þarf einnig að ná til nemendanna sjálfra sem eru þolendur og gerendur þegar einelti er annars vegar. Því er mikilvægt að settar séu ákveðnar reglur um samskipti og hegðun jafnt í skólanum sem utan hans, að rætt sé opinskátt um einelti og nemendum gert ljóst hvað átt sé við með einelti, fá nemendur sjálfa til að skilgreina einelti og koma með hugmyndir um hvernig megi sporna við því. Reglulegar umræður um einelti í hverjum bekk þar sem nemendur eru virkir þátttakendur mundu án efa skila sér í að einelti í íslenskum skólum minnkar.

Eins og ég gat um áður hefur engin kerfisbundin rannsókn á einelti verið gerð sem nær til landsins alls. Því hef ég undirritað samning við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála um framkvæmd rannsóknar á eðli og umfangi eineltis í grunnskólum landsins. Var sú ákvörðun tekin eftir að umboðsmaður barna óskaði eftir samvinnu við mig um öflun upplýsinga um málið. Meginábersla verður lögð á söfnun gagna í einum árgangi á miðstigi grunnskóla og fer rannsóknin fram á árunum 1998 og 1999.

Markmið rannsóknarinnar eins og Rannsóknastofnunin hefur skipulagt hana, er þríþætt:

1. Þróaður verði ítarlegur spurningalisti um einelti. Við gerð hans verða tekin viðtöl við börn og unglunga þannig að málfar hans og efnistöð verði í samræmi við málfar og hugsanagang barna og unglunga á þeim aldri sem athuga á.
2. Spurningalistinn verður lagður fyrir stórt úrtak barna og unglunga til þess að fá yfirlit um eðli og umfang eineltis á Íslandi, á miðstigi grunnskólans.

3. Kannaður verður samtímis orðaforði og hugtök sem börn og unglingar nota um einelti og aðra hegðun af svipuðu tagi. Íslenski orðaforðinn verður síðan borinn saman við erlend gögn.

Vinna við fræðilega undirstöðu rannsóknarinnar er þegar hafin og unnið er að gerð spurningalistans. Þegar hafa verið tekin viðtöl við allmarga hópa barna og unglunga í samvinnu við skóla og foreldra sem hafa sýnt þessu verki mikinn áhuga og greitt götu rannsóknaraðila af fremsta megni. Gerð mælitækja mun ljúka um næstu áramót.

Könnunin á orðaforða barna um einelti, sem er bluti af rannsókninni, er þegar hafin og verður henni lokið í desember 1998 en niðurstöður hennar munu að verulega leyti ráða þeim orðaforða og þeirri hugtakanotkun sem nota á í spurningalistanum. Þetta er gert til þess að tryggja að niðurstöður endurspegli upplifun barnanna á raunsannan hátt og gefi raunverulegar niðurstöður um útbreiðslu og eðli eineltis í íslenskum skólum.

Lokaskýrsla um niðurstöður verksins mun liggja fyrir um miðjan september 1999.

Ætlunin er, að þekkingin, sem aflað verður með rannsókninni nýtist til að meta bestu forvarnarúrræðin gegn einelti og hvernig þeim verður hrundið í framkvæmd. Án þekkingar á eðli eineltis hér á landi er ekki hægt að skilja hvaða þættir liggja þar að baki og á hvaða hátt er best að takast á við það.

Að lokum vil ég minna á, að samkvæmt nýrri skólustefnu, sem var kynnt á síðasta vetri, verður ný námsgrein, lífsleikni, gerð að skyldu-námsgrein bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Þessari námsgrein er ætlað að efla sjálfs-traust einstaklinga og búa þá undir þátttöku í nútímaþjóðfélagi, kynna þeim tækifærin, sem það hefur að bjóða, og einnig hættunnar. Ábersla verður einnig lögð á umburðarlyndi gagnvart skólafélögum og öðrum. Á málþinginu í dag hefur einmitt komið fram, að sjálfstraust

og umburðarlyndi eru þeir þættir, sem ungt fólk telur mikilvæga til að njóta sín í samskiptum við aðra.

Mjög margir nefndu einnig gildi umræðanna sjálfra. Ég er sammála því, að um einelti eigi að ræða og hvet ykkur öll, ágætu nemendur, að fara með lærdóminn af þessu málþingi inn í skólana ykkar og ræða málið áfram þar. Með því einu stuðlið þið að því að minnka líkurnar á einelti.

Margar góðar hugmyndir hafa komið fram á málþinginu og er ég viss um, að umboðsmaður barna mun fylgja þeim eftir. Sé eitthvað, sem þið viljið, kynna mér sérstaklega hvet ég ykkur til þess. Látum þetta málþing verða upphafið að markvissu átaki gegn einelti.

Ég ítreka þakkir mínar til umboðsmanns barna fyrir að kalla málþingið saman.

Gangi ykkur öllum vel í baráttunni fyrir góðum málstað!

Ég segi málþingi um einelti slitið.

EINELTI
ER
OFBELDI!

ARSEL.

**Pátttaka unglunga á ráðstefnu um einelti
17. október 1998.**

Félagsmiðstöðvar:

Ársel, Reykjavík

*Tinna, Bjarni He., Bjarni Ha., Martha, Andri,
Aðalsteinn, Stefanía, Trausti.*

Bústaðir, Reykjavík

*Harpa, Ástríður, Sveinn, Karen, Brynbildur,
Systa, Berglind, Anna Svava.*

Fellahellir, Reykjavík

*Sverrir, Birna, Stella, Katrín, Ásta, Hörður,
Guðbjörg, Magga, Dagbjört.*

Frostaskjól, Reykjavík

*Kolbrún, Guðrún, Jón, Kormákur, Sigfús,
Sturlaugur, Atli.*

Gufunesbær, Reykjavík

*Jóhann, Einar, Ellen, Jens, Anna Björg,
Steinunn, Hildigunnur, Hrunn, Björg,
Helga Dís, Unnur, Jóna, Ragga.*

Hólmasel, Reykjavík

Anna Linda, Hulda, Ester, Birna, Erla.

Tónabær, Reykjavík

*Heiða, Hildigunnur, Svana, Gróa, Alma,
Eva Líf.*

Ungó, Keflavík

Hildur, Atli, Björggi, Guðjón, Nonni.

Verið, Hafnarfirði

Laufey, Helga, Óli, Elsa, Elfa, Malen.

Vitinn, Hafnarfirði

Viðar, Linda, Heiða, Sara, Símon, Jóhanna.

Próttheimar, Reykjavík

*Anna Kristín, Elísabet, Elsa, Jökull, Ólöf Heiða,
Pétur, Sandra, Sigrún, Hólmsfríður.*

Félag Framhaldsskóla:

*Eyrún, Soffía, Hjördís, Teitur, Þórdís,
Hafsteinn.*

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur:

Ragga

**Pátttaka fullorðinna á ráðstefnu um einelti,
17. október 1998.**

Skólastjórafélag Íslands:

Þorsteinn Sæberg Sigurðsson.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar:

Bryndís Guðmundsdóttir.

Kennarasamband Íslands:

*Guðrún Ebba Ólafsdóttir,
Svandís Ingimundardóttir.*

Félag íslenskra námsráðgjafa:

Una Bjarnadóttir.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála:

Ragnar Pétur Ólafsson.

Kennaraháskóli Íslands:

Erla Kristjánsdóttir.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur:

*Arthur Morthens,
Benedikt Jóhannson,
Ingibjörg Markúsdóttir,
Maia Sigurðardóttir.*

Félag íslenskra sérkennara:

Guðlaug Teitsdóttir.

Samband íslenskra sveitarfélaga:

Guðrún S. Hilmisdóttir.

Heimili og skóli:

*Jóhann Hlíðar Harðarson,
Guðrún Reykdal.*

SAMFOK, samband foreldra í grunnskólum:

Óskar Ísfeld Sigurðsson,
Bergþóra Valsdóttir.

Félagsmálastofnun Reykjanesbæjar:

Sæmundur Hafsteinsson.

Félagsmálastofnun Akraness:

Sólveig Reynisdóttir.

Félagsmálastofnun Reykjavíkur:

Lára Björnsdóttir.

Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar:

Þórdís Bára Hannesdóttir.

Menntamálaráðuneytið:

Guðni Olgeirsson,
Guðný Helgadóttir.

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur:

Jakob Frímann Þorsteinsson,
Soffía Pálsdóttir.

Foreldrafélag misproska barna:

Kristín Guðmundsdóttir.

Barnaheill:

Kristín Jónasdóttir,
Pálmi Finnbogason.

Barnaverndarráð Íslands:

Sigurgísli Skúlason.

**Samvist - Fjölskylduráðgjöf Mosfellsbæjar
og Reykjavíkurborgar:**

Brynjólfur G. Brynjólfsson.

Bandalag íslenskra skáta:

Júlíus Aðalsteinsson.

Rauðakross Húsið:

Sigurður Jónasson.

Lögreglan í Reykjavík:

Guðni Heiðar Guðnason,
Anna Elísabet Ólafsdóttir,
Eiður H. Eiðsson.

Upplýsinga- og menningarmiðstöð nýbúa:

Elsa Arnardóttir.

Biskupsstofa:

Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.

Foldaskóli:

Magni Hjálmarsson.

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans:

Rósa Steinsdóttir.

Aðrir:

Elín Einarsdóttir,
Brynja Blumenstein,
Helgi J. Hauksson,
Aðalbeiður Einarsdóttir.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Menntamálaráðuneytið 1989.

Att stoppa mobbing går. Handbók í arbete mot mobbing. Ann-Char Lagerman og Pia Stenberg. Förlagsbuset Gotbía, Gautaborg 1994.

Big, Bad, Bully. Hava Estroff Marano. *Psychology Today* september/október 1995.

Blunda inte för mobbingen.

BO:s rapport och förslag mot mobbing. Barnombudsmannen, Svijþjóð, 1997.

Bully B'ware. Take action against bullying. Heimasíða: <http://www.bullybeware.com>

Einelti. Ritröð upplendis og menntunar. Guðjón Ólafsson 1996.

Erindisbréf fyrir skólustjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Erindisbréf fyrir kennara.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðir febrúar 1997-maí 1998, um samráðsfundi umboðsmanns barna með sérfræðingum og fulltrúum starfsstétta sem vinna með börnum og unglingum.

Kidscape. Help for victims of bullying. Heimasíða: <http://dialspace.dial.pipex.com>
<http://ds.dial.pipex.com/town/square/gaj28/index.htm>

Lög um grunnskóla, nr. 66/1995.

Mannabörn eru merkileg - staðreyndir um börn og unglinga. Umboðsmaður barna. Reykjavík 1998.

Mobbing går att stoppa. Sérblað sænska dagblaðsins *Expressen*, 14. september 1998.

Nefnd um mótun menntastefnu. Skýrsla. Menntamálaráðuneytið 1994.

Óbirt könnun.

Brynjólfur G. Brynjólfsson og Svava Guðmundsdóttir 1992.

Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 388/1996.

Ræðum í stað þess að rífast
- framfarir skólubarna í samskiptabæfni. Sigrún Aðalbjarnardóttir. *Ný menntamál* 1. tbl. 11. árg. 1993.

Samskipti í bekkjarstarfi. Uppeldi og menntun I (D): 258-273. Sigrún Aðalbjarnardóttir.

Students Resolving Conflicts. Richard Cohen, School Mediation Associates. *Peer Mediation in Schools*, GoodYear Books, 1995.

The Impact of Peer Mediation Training on the Management of School and Home Conflicts.

David W. Johnson, Roger Johnson, Bruce Dudley, Marty Ward and Douglas Magnuson. University of Minnesota. *American Educational Research Journal* Winter 1995, Vol. 32, No. 4, pp. 829-844.

Æskan er eins og tré.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. Yrkeja. Afmælisrit til Vigðísar Finnbogadóttur. 15. apríl 1990.

Ítarefni

Brydej - Sænskt vef tímarit fyrir börn og unglinga um einelti og önnur samskiptavandamál: <http://www.brydej.nu/>

Bullying - don't suffer in silence. An anti bullying pack for schools. Department for Education. London 1994.

Börn og unglingar: Rannsókn á liðan og félagslegri aðstöðu þeirra í Reykjavík og á Siglufirði. Ingþór Bjarnason og Trausti Valsson 1985.

***Ef kennararnir eru skemmtilegir þá..**

Eigindleg rannsókn á liðan nemenda í skóla. Sólveig Karvelsdóttir. B.A. ritgerð í upplendis- og menntunarfræði nr. 1136, 1996.

***Ég er búin að fá nóg af þér brekkjusvínið þitt! Einelti.** Guðrún Sigríður Jóhannsdóttir og Rún Kormáksdóttir. B.Ed. ritgerð 1996.

Elevráðets idéperm mot mobbing. Barnetrinnet - Ungdomstrinnet - Videregående opplæring. Senter for atferdsforskning. Kirke-, utdannings- og forskningsdepartementet, 1996.

***Félagsleg einangrun og aðkast: Algengi og tengsl félagslegrar höfnunar og eineltis hjá reykvískum börnum.**

Rakel Heiðmarsdóttir. Námsritgerð í sálarfræði við Háskóla Íslands 1994.

***Mat á eineltisátaki.**

Matthías Matthíasson. Lokaritgerð í sálarfræði við Háskóla Íslands 1992.

Mobbing i skolen. En lærerveiledning. Erling Roland og Grete Sorensen Vaaland. Kirke-, utdannings- og forskningsdepartementet, 1996.

Saga Dóra. Myndband, 17 mínútur. Myndin fjallar um ósköp venjulegan 11 ára gamlan stráka sem verður fyrir einelti af skólafélögum sínum. Ætlað grunnskólum. Námsgagnastofnun, fræðslumyndadeild 1993.

Tackling bullying in your school.

A practical handbook for teachers. Ed.: Sonia Sharp and Peter K. Smith. Routledge, 1994.

***, „Þungt er þegjandi ból“: ritgerð um einelti.**

Sigríður Huld Konráðsdóttir. B.ed. ritgerð við Kennarabáskóla Íslands 1996.

Greinar um einelti í íslenskum tímaritum:

Allir eiga rétt á að fá að vera í friði fyrir árásum og áníðslu annarra.

Guðjón Ólafsson. *Glæður*, fagttímarit F.Í.S., 5. árg., 2. tbl., 1995, s. 45-52.

Einelti og félagsleg vandamál í skólum. Arnheiður Borg. *Glæður*, fagttímarit F.Í.S., 5. árg., 2. tbl., 1995, s. 53-55.

Einelti og viðbrögð foreldra við því. Brynjólfur G. Brynjólfsson. *Heimili og skóli*, 1. árg., 1. tbl., 1993, s. 20-22.

Einelti þarf ekki að eiga sér stað!

Guðbjörg Grétarsdóttir. *Curator* - tímarit Félags hjúkrunarfræðinema við Háskóla Íslands, 21. árg., 1. tbl. maí, 1998, s. 51-53.

„Ég var farinn að ráfa eirðarlaus og yfirgefinn um hverfið“.

Frásögn ungs þilts af einelti. *Ný menntamál*, 8. árg., 2. tbl., 1990, s. 6-12.

Framsækin útivistarstefna í Smáraskóla.

Guðbjörg S. Finnisdóttir. *Íþróttamál*, 21. árg., 3. tbl., 1996, s. 17-22.

„Öskubuska hjargaði barnæsku minni“.

Viðtal við Pál Óskar Hjálmtýsson. Gunnar Salvársson. *Glæður*, fagttímarit F.Í.S., 5. árg., 2. tbl., 1995, s. 56-58.

*Þessi rit er bægt að nálgast á bókasafni K.H.Í.